



FERÐAÞJÓNUSTU-OG  
ÁFANGASTAÐURINN

# STUÐLAGIL

*Rammahluti Aðalskipulags  
Fljótsdalshéraðs 2008-2028*

Tillaga 17. janúar 2023

*Greinargerð þessari fylgir einnig skipulagsuppráttur dags. \_\_\_\_\_*

*sem er hluti af skipulagsgögnunum.*

*Rammahluti Aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028, ferðapjónustu- og áfangastaðurinn Stuðlagil hefur verið auglýstur skv. 31. grein skipulagslaga nr. 123/2010 frá \_\_\_\_\_ til \_\_\_\_\_*

*Skipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Múlaþings þann \_\_\_\_\_*

*Sveitarstjóri Múlaþings*

*Rammahluti þessi var staðfestur af Skipulagsstofnun þann \_\_\_\_\_*

*Auglýsing um gildistöku skipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_*

## Áfangastaðurinn Stuðlagil

Íbúar á Jökuldal hafa ávalt þekkt þetta mikilfenglega gil. Það kom þó betur í ljós þegar vatnsyfirborðið lækkaði í hinni kraftmiklu og gruggu Jöklu er hún varð að lygnri blágrænni bergvatnsá við gangsetningu Kárahnjúkavirkjunar árið 2007.

Finna má umfjöllun um fegurð gilsins hér og þar á prenti áður en það varð vinsæll ferðamannastaður. Sem dæmi um það má umfjöllun í Lesbók Morgunblaðsins frá árinu 2002.

*„Á um 500 m kafla við bæinn Grund er óvenju reglulegt og formfagurt stuðlaberg beggja megin í gílinu. Þessi partur er stundum nefndur Stuðlagilið og má ótvírætt telja það með merku stuðlabergsstöðum á landinu. Yfirleitt eru stuðlarnir þrjúðbeinir og lóðréttir en sums staðar sveigjast þeir fagurlega eða mynda rósir í blöðum um fegurð gilsins.“*

Í endurminningum sínum frá rekstri úr Rana haustið 1957 rifjar annar greinarhöfundur upp hvernig gilið kom honum fyrir sjónir.

*„Í gili Jökulsár, beint niður af bænum Grund veitti ég athygli stuðlabergi miklu...Og nú jók það á fegurð og stórfengi stuðlabergsins að það var reyrt klakabrynju og skreytt grýlukertum. Og undir dunaði Jökla, áin sem býr yfir meiri tröllskap og vekur meiri geig en nokkurt annað vatnsfall er ég hefi augum litið...Það væri ekki fráleitt fyrir ljósmyndara, málara, já jafnvel skáld, að dvelja hér um stund á þessum slóðum.“*

*Múlaþing, byggðarrit Austurlands 2016*

Árið 2015 birti Ferðafélag Fljótshéraðs myndir á Facebook af gönguferð sinni í Stuðlagil og Eyvindarágil. Sú umfjöllun vakti ekki mjög mikla athygli utan afmarkaðs hóps en í kjölfarið eftir að hafa séð umfjöllun ferðafélagsins fór ljósmyndari frá vefsíðunni „Hit Iceland“ á svæðið, tók myndir og birti ásamt texta á síðunni í ágúst 2016 og svo aftur

í tímariti flugfélagsins WOW air árið 2017. Við það fór orðspor gilsins að berast hratt út fyrir héraðið.

Þegar ferðamenn uppgötvaðu Stuðlagil árið 2017 breyttist mannlífið í dalnum. Þúsundir komu til að upplifa náttúru gilsins og taka myndir og birta á samfélagsmiðlum.

Það kom heimamönnun mjög á óvart þegar erlendir ferðamenn tóku að dúkka upp hér og þar í dalnum og við bæina í leit að hinu svokallaða Stuðlagili enda höfðu þeir ekki farið út í neina markaðssetningu og engir innviðir voru fyrir hendi til að taka á móti gestunum.

Síðan gilið uppgötvaðist hefur straumur fólks sótt svæðið heim og virðist nú vera orðin rótgróin áfangastaður ferðamanna.

Vinsældir þessa sjálfssprotna ferðamanna- staðar hafa svo haldið áfram að aukast með sífellt meiri umfjöllun og myndum á samfélagsmiðlum. Þessum vinsældum fylgja mikil tækifæri í ferðapjónustu en það kallar jafnframt á markvissa uppbyggingu á innviðum svæðisins.

Hér lítur dagsins ljós heildstætt skipulag fyrir ferðapjónustu og áfangastaðinn Stuðlagil. Skipulagið teygir sig út fyrir gilið yfir landsvæði sem skipar eina heild í móttöku ferðamanna.

Markmið skipulagsins er að setja fram stefnum um framtíðaruppbyggingu þannig að hægt sé að efla ferðamennsku en um leið draga úr álagi á viðkvæmum svæðum, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta samhliða annarri atvinnustarfsemi.

Verkefnið er afrakstur samstarfs landeigenda, Múlaþings, Eflu og Teiknistofu Norðurlands en Austurbrú hafði yfirumsjón með verkefninu.

# EFNISYFIRLIT

## 1 YFIRLIT

4

## RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

### 2 FERÐAÞJÓNUSTA

8

### 3 NÁTTÚRA OG VERND

18

### 4 SAGA OG MINJAR

24

### 5 ÖRYGGISMÁL

28

### 6 SAMGÖNGUR

32

### 7 SKILTI OG MERKINGAR

38

### 8 MANNVIRKI

42

### 9 SKIPULAGSUPPRÁTTUR

56

## 10 ÁHRIFAMAT

62

## 11 SKIPULAGSFERILL

66

## HEIMILDASKRÁ

67



Múlaþing

## FERÐAÞJÓNUSTA- OG ÁFANGASTAÐURINN STUÐLAGIL

*Rammahluti Aðalskipulags Fljótshéraðs 2008-2028*

**Sveitarfélag:**  
*Múlaþing*

**Skipulagsráðgjafi og greinargerð:**  
*Teiknistofa Norðurlands*

**Myndir í greinargerð:**  
*Teiknistofa Norðurlands*





# 1 YFIRLIT

Stuðlagil í Efri Jökuldal hefur á skömmum tíma orðið að einum vinsælasta áfangastað ferðamanna á Austurlandi. Áfangastaðurinn þarfnast frekari uppbyggingar til að bregðast við aukinni aðsókn ferðamanna að viðkvæmri náttúru. Einnig er mikilvægt að setja fram heildræna áætlun hvernig byggja eigi þennan áfangastað á Jökuldal til framtíðar enda eru fjölmörg tækifæri til uppbyggingar ferðamennsku á svæðinu þar sem umhverfið er ríkt af náttúru og sögu.

Haustið 2021 hóf Austurbrú stefnumótun fyrir skipulag svæðisins í samstarfi við sveitarfélagið Múlaþing, landeigendur og Teiknistofu Norðurlands. Samhliða gerð skipulagsins var unnin þolmarka- og arðsemisgreining fyrir svæðið hjá verkfræðistofunni Eflu. Þolmarkagreining er mikilvægt gagn til að þekkja þol umhverfisins fyrir ágangi ferðamanna og hvaða mótvægisáðgerðir þarf að ráðast í til að vernda ásýnd náttúrunnar.

## 1.1 MARKMIÐ SKIPULAGSINS

Markmið skipulagsins er að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu þannig að hægt verði að efla ferðamennsku samhliða landbúnaði og annarri atvinnustarfsemi en um leið draga úr álagi á viðkvæm svæði, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta.

Í rammaskipulaginu er gerð grein fyrir landnotkun og uppbyggingu tengdri ferðaþjónustu auk þess sem fjallað er um ásýnd mannvirkja og lagðar fram stefnur um öryggi og náttúruvernd. Skilgreind eru áherslusvæði sem hver hafa sín sérkenni í uppbyggingu á ferðaþjónustu.

## 1.2 RAMMAHLUTI AÐALSKIPULAGS

Með rammahluta aðalskipulags er unnin nánari útfærsla á stefnum Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Rammaskipulagið er forsenda deiliskipulagsgerðar og framkvæmda sem snerta á ferðaþjónustu við Stuðlagil.

Skipulaginu er ætlað að marka skýra stefnu og gefa tóninn fyrir þróun svæðisins sem öflugur ferðaþjónustu- og áfangastaður. Skipulagsferlið fylgir samsvarandi ferli og um gerð aðalskipulags samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010.



## 1.3 VIÐFANGSEFNI

Skipulagið er sett fram í þessari greinargerð og skiptast viðfangsefni í eftirfarandi þemakafli:

### FERÐAÞJÓNUSTA

Stefna um uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

### NÁTTÚRA OG VERND

Stefna um náttúru svæðisins og vernd.

### SAGA OG MINJAR

Stefna um verndun fornminja á svæðinu og aðgengi fyrir söguslóðir.

### ÖRYGGISMÁL

Skilgreining á hættusvæðum og stefna um öryggismál.

### SAMGÖNGUR


Stefna um uppbyggingu stígakerfis og staðsetningu bílastæða fyrir ferðaþjónustu.

### SKILTI OG MERKINGAR

Stefna um samræmdar merkingar og yfirbragð skilta.

### MANNVIRKI

Stefna um samræmt útlit mannvirkja. Settar eru fram hönnunarleiðbeiningar til að samræma uppbyggingu, efnisval og útlit mannvirkja svo sem stíga, skilta, útsýnispalla, bekkja og brúa.



Mynd 1.1 Stuðlar í Stuðlagili.

## 1.4 TENGL VÍÐ AÐRAR AÆTLANIR

### LANDSSKIPULAGSSTEFNA 2015-2026

Í Landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um skipulag í dreifbýli og sett fram markmið um einstaka efnisþætti. Leiðarljós stefnunnar eru að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks, sjálfbærri þróun, seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum og styðji samkeppnishæfni landsins alls.

### SVÆÐISSKIPULAG AUSTURLANDS 2022-2044

Skipulagsstofnun staðfesti í október 2022 nýtt Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044. Í svæðisskipulagi er sett fram sameiginleg stefna sveitarfélaganna í landshlutanum í málefnum þar sem hagsmunir þeirra fara saman. Viðfangsefni og markmið skipulagsins eru meðal annars:

*Umhverfið, hið manngerða sem og náttúrulega, verður heilnæmt, vistvænt og öruggt.*

*Austurland sé svæði þar sem borin er virðing fyrir verðmætu náttúruferi og landslagi og lögð áhersla á að móta aðlaðandi staði út frá landslagssérkennum, sögu og heilnæmi.*

*Mannvirki falla vel að landslagi og metnaður verður lagður í hönnun þeirra sem og alla aðra landslags- og umhverfishönnun*

*Unnar verði leiðbeiningar fyrir hönnun áfangastaða í landshlutanum til að stuðla að góðum gæðum og öryggi.*

### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Rammaskipulagið er nánari útfærsla á stefnu Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028 er varðar ferðaþjónustu á Efri-Jökuldal. Sýn sveitarfélagsins er að tryggja sérstök og eftirsóknarverð lífsgæði í faðmi náttúru og öruggs umhverfis. Stefna Fljótsdalshéraðs er að efla sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í

grænni ímynd og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis. Náttúran hefur aðdráttarafli fyrir ferðafólk og er ferðaþjónusta ein lykilatvinnugreina í sveitarfélaginu.

Skipulag umferðar og útivistar verði í samræmi við þol landsins og verndarþörf. Samþætta skal útivist og náttúruvernd til þess að sem flestir íbúar og gestir Fljótsdalshéraðs í nútíð og framtíð geti notið náttúrunnar. Sveitarfélagið efli umhverfisvæna ferðamennsku þar sem áhersla er lögð á sérkenni í náttúru og menningu.

Innan skipulagsmarka eru landnotkunarreitur fyrir opið svæði, verslunar- og þjónustusvæði, frístundabyggð, óbyggð svæði, landbúnaðarsvæði, náttúruverndarsvæði og efnistöku-svæði. Á skipulagssvæðinu gilda áfram stefnur og tillögur að framfylgd þeirra eins og þær eru settar fram í aðalskipulagi og á við um málaflokka rammaskipulagsins.

Samhliða gerð rammahluta aðalskipulags var gerð breyting á landnotkunarflokkum við Hákonarstaði og Stuðlafoss þar sem skilgreindir eru reitir fyrir verslunar- og þjónustusvæði. Skilmálar eru einnig uppfærðir fyrir landnotkunareitin við Grund og tengivegur skilgreindur að Stuðlafossi. Breytingin er sett fram á breytingarblaði með skipulagsuppdrætti og greinargerð.

### DEILISKIPULAGSÁÆTLANIR

Eitt deiliskipulag er í gildi á skipulagssvæðinu. Það er deiliskipulag fyrir ferðaþjónustu að Grund, Jökuldal sem tók gildi 18. júní 2020. Innan rammaskipulagssvæðisins eru þrjár deiliskipulagsáætlanir í vinnslu en vinna við þær er byggð á stefnu og markmiðum rammaskipulagsins. Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi fyrir Grund og nýtt deiliskipulag fyrir Klaustursel og Hákonarstaði.



**GÓÐIR STAÐIR**

Leiðbeiningarritið Góðir staðir er ætlað að vera leiðarvísir fyrir uppbyggingu ferðamannastaða. Hér eru dregin fram markmið sem eiga við um uppbyggingu innan ramma-skipulagssvæðisins:

*Það er afar mikilvægt við hvers kyns framkvæmdir sem hafa áhrif á umhverfi okkar að það manngerða ryri ekki hið náttúrulega. Við eigum að auka á upplifunina en ekki að draga úr henni. Við eigum í gegnum hönnunarferlið að tryggja aðgengi og möguleika til upplifunar.*

**MENNINGARSTEFNA Í MANNVIRKJAGERÐ**

Stefna stjórnvalda í byggingarlist er sett fram með menningarstefnu í mannvirkjagerð. Varðveisla menningararfs í hinu manngerða umhverfi er mikilvæg arfleið til komandi kynslóða. Hér eru dregin fram markmið úr menningarstefnunni sem eiga við um uppbyggingu innan rammaskipulagssvæðisins:

*Mikilvægt er að gæta að því landslagi sem ekki hefur verið numið undir manngert umhverfi. Með vaxandi ferðamennsku og útvíst er aðkallandi að móta stefnu gagnvart mannvirkjagerð á lítt snortnum eða óspjölluðum stöðum utan hefðbundinnar byggðar.*

**1.5 BREYTT LANDNOTKUN AÐALSKIPULAGS**

Norðan við Stuðlafoss í landi Klaustursels er svæði skilgreint í núgildandi skipulagi sem opið svæði til sérstakra nota O33. Með rammaskipulaginu verður afmarkaður 5,2 ha landnotkunarreitir fyrir verslunar- og þjónustusvæði.

Afmarkaður er landnotkunarreitir fyrir verslunar- og þjónustusvæði norðan við Hákonarstaði. Svæðið var áður skilgreint sem landbúnaðarsvæði og með breytingunni verður um 2,7 ha svæði tekið úr

landbúnaðarnotum fyrir uppbyggingu tengt ferðapjónustu. Sveitarstjórn Múlaþings hefur tekið afstöðu til ákvæða 5. gr. jarðalaga nr. 81/2004 og samþykkir breytta landnotkun skv. eftirfarandi rökstuðningi:

*-Svæðið sem leysa á úr landbúnaðarnotum er ekki stærra en þörf krefur til fyrirhugaðrar uppbyggingar.*

*-Landeigandi hefur í samráði við skipulagsráðgjafa valið tiltekið svæði til uppbyggingar og talið er að ekki sé augljóst að um annan kost sé að ræða sem henti síður til landbúnaðar eða jarðræktar.*

*-Fyrirkomulag í skipulagsáætlun gerir með fullnægjandi hætti ráð fyrir að breytt landnotkun fari saman með landbúnaðarstarfsemi á svæðinu og afmörkun þess eigi ekki að hindra starfsemi við landbúnað á nærliggjandi svæðum.*

**1.6 UPPSETNING SKIPULAGSINS**

Greinargerðin er sett upp þannig að í byrjun hvers kafla eru sett fram markmið skipulagsins og síðan er núverandi staða viðkomandi málaflokks greind til að þekkja betur þær forsendur sem liggja fyrir. Í lok hvers kafla er sett fram stefna, hönnunarviðmið eftir atvikum, tengsl við aðalskipulag og skilmálar um málaflokkinn.

MARKMIÐ

FORSENDUR

STEFNA / HÖNNUNARVIÐMIÐ

STEFNUR AÐALSKIPULAGS

SKILMÁLAR

**1.7 SKIPULAGSSVÆÐIÐ**

Efri Jökuldalur er þröngur og krókóttur dalur sem hækkar inn til hálandis. Eftir endilöngum dalnum rennur jökulsá sem nefnd hefur verið Jökulsá á Brú, Jökulsá á dal eða bara Jökla eins og heimamenn kalla hana í daglegu tali.

Áin hefur markað leið sína um dalinn og er mesti áhrifavaldur landmótunar allt frá ísöld. Hún og var lengst af dæmigerð Jökulsá með miklum rennslissveiflum og gruggug vegna framburðar. Eftir að Kárahnjúkavirkjun tók til starfa varð sú breyting að megnið af jökulvatninu fer nú um jarðgöng til Fljótsdals og skilar sér til sjávar um Lagarfljót. Neðan stíflunnar er því áin tær bergvatnsá mestan hluta ársins en getur færst nær sínu fyrra útliti þegar Háslónið er fullt og vatn fer um yfirföll stíflunnar.

Hefðbundin búskapur með sauðfé er stundaður á Hákonarstöðum og Klausturseli. Grund er einnig hefðbundin landbúnaðarjörð en þar var búskap hætt í kringum 1995 en túnin hafa verið nýtt og unnið að skógrækt síðan 1999.

Innan skipulagssvæðisins er að finna fjölmörg minjasvæði og náttúruvætti en þar er helst að nefna Stuðlafoss, Eyvindarárgil og Stuðlagil sem er vinsælasti viðkomustaður ferðamanna.

**1.8 SKIPULAGSMÖRK**

Skipulagssvæðið nær yfir stórt landssvæði í efri Jökuldal sem mikilvægt er að horfa á sem eina heild. Það nær yfir 841 hektara og innan þess eru landamerki eftirtalinna jarða: Klaustursel, Hákonarstaðir, Breiðalækur, Grund og Brattagerði/Skriðuklaustur.

*Sjá mynd af skipulagssvæðinu á bls.7.*



Mynd 1.2 Skipulagssvæði rammahluta aðalskipulags.



## 2 FERÐAÞJÓNUSTA

### 2.1 MARKMIÐ

Ferðaþjónusta byggist upp í sátt við náttúru og samfélag og styrkir upplifun ferðamanna og ímynd af svæðinu. Skilgreind eru áherslusvæði sem hver hafa sín sérkenni í uppbyggingu ferðaþjónustu.

### 2.2 FORSENDUR

Stuðlagil hefur á undanföllum árum fest sig í sessi sem einn af vinsælustu áfagnastöðum Austurlands. Um er að ræða sjálfssprottin ferðamannastað sem uppgötvaðist af ferðamönnum þegar umfjöllun um gilið birtist í tímaritsgreinum og á samfélagsmiðlum á árunum 2016 til 2017.

Efri Jökuldalur breyttist úr því að vera kyrrsæll staður með litla umferð yfir í að verða fjölsóttur ferðamannastaður. Ferðamenn tóku að skjóta upp kollinum hér og þar í dalnum í leit að hinu svokallaða Stuðlagili. Heimamenn vissu ekki hvaðan á sig stóð veðrið enda hafði engin markaðssetning farið fram og engir innviðir voru fyrir hendi til að taka á móti gestunum.

Hvort sem íbúum líkaði betur eða verr var ljóst að áfangastaðurinn var kominn til að vera og bregðast yrði við þessari breytingu og tryggja öryggi gesta við hættulegt gilið. Á síðustu árum hafa því innviðir af ýmsum toga verið byggðir upp á svæðinu, skipulag unnið og rannsóknir gerðar með það að takmarki að styrkja ferðaþjónustusvæðin.

Ljóst er að fjölmörg tækifæri felast í uppbyggingu ferðaþjónustu en jafnframt margvíslegar áskoranir. Ein þeirra er að stuðla að samvinnu hagsmunaaðila til að móta sameiginlega stefnu um skipulag og

uppbyggingu. Með því móti getur hver og ein framkvæmd styrkt svæðið í heild og fært það nær sameiginlegri framtíðarsýn allra ferðaþjónustuaðila í efri Jökuldal.

Það skipulag sem hér lítur dagsins ljós er stór áfangi í þeirri vinnu. Markmið þess er að setja fram stefnu um framtíðaruppbyggingu skipulagssvæðisins þannig að hægt verði að efla ferðamennsku samhliða annarri atvinnustarfsemi en um leið draga úr álagi á viðkvæm svæði, tryggja öryggi og ánægjulega upplifun gesta.

Hér í næstu köflum verður gerð grein fyrir rannsóknum og öðrum skipulagstillögum sem hafa verið unnar af svæðinu en sú vinna er nýtt inn í rammaskipulagið og útfærð nánar. Þá verður fjallað stuttlega um framkvæmdir og stöðu ferðamannastaðarins í dag.

#### 2.2.1 Skipulag og hönnun

##### Rammahluti aðalskipulags

Árið 2021 var undirritaður samstarfs-samningur hagsmunaaðila við áfangastaðinn Stuðlagil. Þeir hagsmunaaðilar sem koma að verkefninu eru sveitarfélagið Múlaþing, landeigendur frá Grund, Hákonarstöðum, Klausturseli og Skjöldólfsstöðum en Austurbrú heldur utan um verkefnið.

Tilgangurinn með samstarfinu er m.a. að stuðla að opinberri og staðbundinni stefnumótun, ábyrgri nýtingu ásamt gæða og fagurfræði í hönnun innviða. Austurbrú notar aðferð sem kallast Ábyrg þróun áfangastaða, svokallað T.E.R.R.A módel þar sem notast er við aðferðafræði hönnunarhugsunar.

Markmiðið er að vinna sameiginlega að heildarskipulagi fyrir áfangastaðinn. Að þeim tíma loknum liggja m.a. fyrir aðgerðaáætlun og kynning á framtíðarsýn Stuðlagils. Þessi vinna er m.a. sett fram í þessu rammaskipulagi.

##### Deiliskipulag í gildi

Í gildi er deiliskipulag við Grund sem tók gildi árið 2020. Þar er sett fram stefna um uppbyggingu innviða tengdri ferðaþjónustu, s.s. bílastæðis, þjónustulóða, göngustíga, trappna og útsýnispalla. Í þeirri vinnu var jafnframt gerð samhliða breyting á aðalskipulagi Fljótisdalshéraðs.

##### Deiliskipulag í vinnslu

Samhliða rammaskipulaginu er unnið að breytingum á deiliskipulaginu við Grund og gerð deiliskipulags í landi Klaustursels og Hákonarstaða.



Mynd 2.1 Ferðamenn við Stuðlafoss.

### Hönnun á tröppum og útsýnispalli

Verkráð sá um hönnun á tröppum niður hjallana við Grund og útsýnispalli þar við gilbrúnina við enda trappnanna. Mannvirkin eru öll úr svörtu smíðastáli og voru sett upp haustið 2020 til að auka öryggi ferðamanna og vernda viðkvæma náttúru. Tröppurnar og pallarnir eru í einingarkerfi til að lágmarka rask. Myllan og MVA byggingaverktakar sáu um framkvæmdir.

### Hönnun göngustíga í landi Klaustursels

Árið 2020 var skipulagður og hannaður göngustígur í landi Klaustursels. Verkefnið fólst í að skýra og afmarka gönguleið sem hafði verið að myndast árin þar á undan. Markmiðið var að gera einn göngustíg, allt að 2m breiðan til að verja land fyrir frekari skemmdum. Þessi stígur var hannaður og skipulagður af LOGG Landfræði og Ráðgjöf.

### Skipulag Stuðlagils og hönnun mannvirkja

Árið 2021 fór af stað vinna við landslags- og útlitshönnun mannvirkja í Stuðlagili. Markmið með þeirri vinnu er m.a. að skoða vel öryggismál í gílinu og setja fram skipulagstillögu fyrir stíga, merkingar og mannvirki í Stuðlagil. Einnig eru unnin hönnunarviðmið fyrir mannvirki svæðisins til að það fái á sig samræmt útlit.

Í vinnu rammaskipulagsins gafst kostur að fara dýpra í heildarhönnun svæðisins, hönnunarviðmið mannvirkja og tengja saman eldri hönnunartíllögur og framkvæmdir svæðisins. Verkefnið er unnið af Teiknistofu Norðurlands líkt og rammaskipulagið.



Mynd 2.2 Hákonarstaðir og brýrnar yfir Jöklu.



Mynd 2.3 Klaustursel og brýrnar yfir Jöklu.



Mynd 2.4 Grund og Stuðlagil.



### 2.2.2 Rannsóknir

#### Stuðlagil: Áfangastaður í mótun - 2019

Rannsóknin er afrakstur samstarfs Háskóla Íslands og landeigendafélagsins Jökuldalur sf. Hún var unnin með styrk frá Nýsköpunarsjóði námsmanna en tilgangur hennar var að stuðla að ábyrgri uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu.

Í rannsókninni var rýnt í þróun og stöðu ferðamennsku við Stuðlagil sumarið 2019. Rannsóknin er sú fyrsta sem tók fyrir áfangastaðinn en beitt var fjölþættri nálgun til að leita skilnings á stöðu ferðamennsku við Stuðlagil. Bakgrunnur ferðamanna var m.a. kannaður með spurningakönnun sem lögð var fyrir ferðamenn við Grund. Um 430 svöruðu könnuninni. Hér er samantekt um niðurstöður rannsóknarinnar:

**Meðalaldur og kynjahlutfall.** Þar kom í ljós að meðalaldur úrtaksins var 33,5 ár þar sem yngsti þátttakandinn var 13 ára en sá elsti 72. Kynjahlutfall var nokkuð jafnt.

**Starf og menntun.** Flestir voru launþegar eða um 66%. Þar á eftir voru námsmenn 15% og sjálfstætt starfandi 12%. Meirihluti ferðamanna sem svöruðu könnuninni voru með háskólapróf eða 78%.

**Þjóðerni og gististaðir.** Rúmlega 93% þátttakenda bjuggu ekki á Íslandi og var meðallengd dvalar þeirra á landinu u.þ.b. 12 dagar. Algengasti gististaður ferðamanna sem var hægt að greina til og frá Stuðlagili var Egilsstaðir en þar á eftir kom Mývatnssveit, Akureyri og Seyðisfjörður.

**Samsetning hópa og ferðamáti.** Um 54% ferðust með nánustu fjölskyldu eða maka

og um 40% með öðrum ættingum eða vinum. Aðeins 5% ferðust einir. Skipulagðir hópar virtust ekki vera algengir á svæðinu við Grund og flestir komu á bílaleigubílum.

**Ástæða heimsóknar.** Flestir sögðu það vera hin stórbrotna náttúra eða 85,9%. Einnig voru margir sem komu að Stuðlagili þar sem að staðurinn er ljósmyndavænn eða 56,9% og því staðurinn sé afskekktur 43,1%. Einungis 2,1% komu í skipulagðri hópferð.

Ferðamenn nefndu stuðlana sem helsta aðdráttarafi svæðisins, lögum þeirra, form og að þeir væru úr basalti. Margir nefndu blæbrigði lita á stuðlunum og brúngulan foss sem lak niður þá. Þá nefndu gestir sjálft gilið og ánnu, sérstaklega þegar hún er grænblá bergvatnsá eins og fólk vonaðist til að sjá. Margir nefndu einnig samband stuðlanna og árinna og svo náttúruna almennt á staðnum.

Flestir sögðust hafa frétt af Stuðlagili í gegnum netmiðla eða 62% þátttakenda. Einnig fréttu nokkrir af staðnum frá vinum og ættingjum eða um 21% aðrir frá öðru umtali eða 8%. 11% fréttu síðan af staðnum í gegnum ferðahandbók. Áhugavert var að 99,5% þátttakenda voru að koma þangað í fyrsta skipti

**Dvalartími.** Samkvæmt mati ferðamanna var meðal dvalartíminn 50 mínútur en mjög misjafnt milli ferðamanna. Sá sem stoppaði stýðst var í 5 mínútur en sá sem stoppaði lengst var í 6 klukkustundir.

**Hvað gerðu gestir á svæðinu?** Samkvæmt rannsókninni gengu um 93% eftir merktum stígum, 93% tóku ljósmyndir eða myndbönd,

76% nutu náttúrunnar, 11% gengu út fyrir merкта stíga, 10% fylgdust með fuglalífi (Könnun tekin á varptíma hæðargæsar), 8% gengu örna sinna, 9% borðuðu nesti, 14% fóru ofan í árgilið (líklega þeir ferðamenn sem fóru austan megin gilsins áður en þau komu að Grund), 15% settu efni á samfélagsmiðla (Líklegt að ákveðin fjöldi ferðamanna hafi sett inn efni síðar þar sem netsamband er óstöðugt á staðnum).

**Náttúruvernd og ásýnd.** Meirihluti gesta urðu alls ekki eða lítið vör við skemmdir á jarðmyndunum á svæðinu eða 87% en 10% urðu töluvert vör við gróðurskemmdir.

**Ónæði.** Ferðamenn töldu sig í langflestum tilfellum ekki hafa orðið fyrir óþægindum vegna annarra ferðamanna, vélknúinna ökutækja, vinnutækja, landbúnaðartækja, þyrllu- eða flugumferð. Þó urðu 10% ferðamanna fyrir truflunum frá ferðamönnum og 8% frá drónum.

Þau 8% sem kvörtuðu undan drónum nefndu að hljóðin frá þeim væru gríðalega pirrandi og helst ætti að banna slík tæki á staðnum.

Flestum þátttakendum fannst fjöldinn vera hæfilegur eða 66%. Þátttakendum fannst frekar vera fáir ferðamenn á staðnum heldur en of margir.

**Ánægja og vonbrigði.** Niðurstöður rannsóknarinnar gefa sterklega til kynna að upplifun ferðamanna hafi almennt verið á jákvæð.



#### Ánægja gesta

**Náttúran.** Ferðamenn voru ánægðastir með náttúru svæðisins. Ánægja með útsýnið og stórbrotið landslag yfir Stuðlagil frá útsýnissyllunum neðan við Grund. Frábær staður fyrir myndefni. Ánægjulegt hvað staðurinn er lítt þekktur, lítið uppbyggður og gott að njóta sín í náttúrulegu umhverfi. Gott veður gerir dvölinna betri og lengri.

**Innviðir.** Ánægjulegt hve stutt er í útsýnisstaði. Bílastæðin við Grund góð.

#### Vonbrigði gesta

**Náttúran.** Gilið er ekki eins flott og á myndum. Vonbrigði að sjá jökulá í yfirfalli en ekki blágræna bergvatnsá eins og vonir stóðu til. Vont veður gerir dvölinna verri og styttri.

**Innviðir.** Mikil óánægja að komast ekki niður í árfarvegin Grundarmegin eins og stefnt var á. Skortur á salernisaðstöðu. Erfitt að finna bílastæði vegna skorts á upplýsingum meðfram vegum. Malarvegir þröngir og valda óþægindu.

**Öryggismál.** Litlar upplýsingar. Ógnvekjandi að ganga eftir stígum í brattri hliðinni. Þeir séu í lélegu ástandi eftir mikinn ágang en reipin meðfram þeim of lág. Hættulegar útsýnissyllur þar sem engar öryggisráðstafanir væru til að koma í veg fyrir stórslys. Ferðamenn hræddir um að detta niður þar sem snarbratt er ofan í gilið.

#### Tillögur gesta að úrbótum

**Innviðir.** Bæta aðgengið niður í gilið. Bæta aðstöðu fyrir rusl og klósett.

**Öryggismál.** Nauðsynlegt er að bæta stígana í hjöllunum og gera handrið meðfram þeim.

Mynd 2.5 Samantekt úr rannsókn Stuðlagil: Áfangastaður í mótun frá 2019.

Í rannsókninni er sett fram efirfarandi lýsing á stöðunni við austurhlið Stuðlagils:

*„Við bæinn Klaustursel hefur engin uppbygging átt sér stað en þó kjósa margir að ganga frá bænum að Stuðlagili. Sú leið er tæplega 5 km og samanstendur af vegi sem gengið er eftir fyrstu 2 km leiðarinnar en lok leiðarinnar þarf að ganga yfir tvær ár og í kjarri túna á milli.“*

*Seinni hlutigöngunnar getur verið nokkuð illfær en það fer eftir árstíðum. Stærstan hluta árs er lítið vatn í þeim tveim þverám sem þarf að fara yfir en í leysingum geta þær verið allt að ófærar gangandi manni. Þegar komið er að Stuðlagili þeim megin er aftur á móti hægt að komast með tiltölulega auðveldum hætti niður í gilsbotninn.“*

**Þess má geta að síðan þessi könnun var gerð árið 2019 hefur verið ráðist í fjölmargar úrbætur á þeim atriðum sem eru nefnd hér. Þá ber einnig að hafa í huga að könnunin var einungis tekin vestan megin gils og því gætu niðurstöður hafa orðið aðrar hefðu ferðamenn verið spurðir beggja vegna gilsins.**

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna þrjú megináhersluefni; áskoranir sem tengjast óbeinni markaðssetningu í gegnum netmiðla, áskoranir sem fylgja uppbyggingu og hvar ábyrgð þróunar áfangastaðarins liggur.

#### Öryggisúttekt

Verkfræðistofan Efla vann öruggisúttekt á svæðinu sumarið 2021 í tengslum við landslagshönnun og hönnun mannvirkja. Þeirri úttekt er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku um staðsetningu mannvirkja. Sjá umfjöllun í kafla 4 um öryggismál.

#### Arðsemis- og þolmarkagreining

Í tengslum við rammaskipulagið var unnin arðsemis- og þolmarkagreining hjá verkfræðistofunni Eflu. Samkvæmt niðurstöðum hennar eru gestir líklegri til að staldra lengur við ef hugað er uppbyggingu innviða og þjónustu en slík uppbygging mun auka og viðhalda gæðum staðarins og upplifun ferðamanna.

Helstu þættir sem geta sett gestafjölda við Stuðlagil takmörk eru þættir eins og öryggi, náttúrufar, innviðir og upplifun. Samkvæmt greiningunni er ekki komið að þolmörkum hvað þessa þætti snertir þó vissulega þurfi að bregðast við ýmsum hættumerkjum.

#### Úrbætur og viðbragðsáætlanir

Í greiningu Efla er lagt til að fylgst verði með og haldið utan um skráningu varðandi nýtingu bílastæða, skráningu óhappa og slysa, áhrif á fugla og annað dýralíf og áhrif á gæði árinna.

Skilgreina þurfi viðbragðsáætlanir t.d. vegna tímabundins skorts á bílastæðum, slysa og gróðurskemmda. Þá þurfi einnig að huga að atriðum eins og aðkomu viðbragðsaðila og hvenær þörf sé að loka stígum vegna erfiðra vetraraðstæðna. Þetta getur m.a. falið í sér að bæta upplýsingagjöf og öryggi svæðisins ásamt því að hafa viðunandi búnað við gilið til að framkvæma björgunaraðgerðir og fyrstu hjálpu.

Bregðast megi við gróðurfarsskemmdum með tímabundinni stjórnun og aðlögun innviða. Bæta þurfi vetrarþjónustu vega og uppbyggingu þeirra, t.d. varðandi rútur.



### 2.2.3 Framkvæmdir

#### Grund - Stuðlagil vesturhlíð

Eftir fjölmennar gestakomur árið 2017 var ábúendum á Grund ljóst að ráðast yrði í uppbyggingu á svæðinu svo að fólk færi sér ekki að voða í hættulegum brekkunum ofan Stuðlagils. Sótt var um styrki til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða sem hafa síðan verið nýttir til að byggja upp innviði svæðisins.

Sumarið 2018 hófst uppbygging við Grund. Settar voru upp merkingar, bílastæði, göngustígar og stikur niður að útsýnispunktum ofl. Það kom fljótlega í ljós að meira þurfti til enda jókst koma ferðamanna á svæðið sífellt. Hafist var handa við að láta hanna stigakerfi og útsýnispall sem svo var tekin í notkun haustið 2020.

Á Grund er nú rekin ferðapjónusta. Þar er stórt bílastæði með slitlagi, upplýsinga- og öryggisskilti, veitingasala, bekkir, fullbúin salernisaðstaða, tjaldsvæði og önnur gístiaðstaða ásamt aðstöðu fyrir starfsmenn.

#### Klaustursel - Stuðlagil austurhlíð

Framkvæmdir fóru seinna af stað við Klaustursel en aðgengi að svæðinu hefur batnað mikið síðustu árin. Ný akstursbrú, Klausturselsbrú, var byggð árið 2019 og nýr línuvegur Landsnets byggður að Stuðlafossi eftir gömlu vegslóðinni sem þangað lá. Með því opnaðist betur sá möguleiki að keyra langleiðina að fossinum. Þá hafa landeigendur einnig fengið styrki frá framkvæmdasjóðnum til að bæta aðgengi ferðamanna með stígagerð og merkingum. Árið 2020 hófust framkvæmdir við göngustíga á svæðinu og nú hafa verið lagðir nokkrir kílómetrar af

uppbyggðum stígum sem tengja Eyvindarárgil og Stuðlagil við ferðapjónustusvæðið við Stuðlafoss. Sett hafa verið ræsi undir stíginn þar sem hann liggur yfir ár og læki. Þá hafa einnig verið settar upp merkingar meðfram leiðinni til að vísa gestum að gílinu.

Ferðapjónustusvæðið við Stuðlafoss er nú í uppbyggingu, útbúið hefur verið bráðabirgða bílastæði, settur upp matarvagn, bekkjasvæði og verið er að koma upp salernisaðstöðu.

#### Hákonarstaðir

Við Hákonarstaði er uppbygging hafin við fyrirhugað ferðapjónustusvæði. Fyrsti áfangi að nýrri þjónustubyggingu er risinn og fyrirhugað er að fara í frekari uppbyggingu á næstu misserum við húsbyggingu, bílastæði og útisvæði.

#### 2.2.4 Ferðamannastaðurinn sumarið 2022

Markmiðið með þessum kafla er að fá yfirsýn af ferðamannastaðnum og hvernig staða hans er með tilliti til innviða ferðapjónustu, minja og náttúruvætta. Samantektin segir frá stöðu svæðisins þegar vinna við rammaskipulagið var í gangi sumarið 2022.

Á yfirlitskortinu 2.6 eru sýndar þær gönguleiðir sem hér er fjallað um. Fyrst er það gönguleiðin að Stuðlagili austan ár frá Hákonarstaðabrú að Stuðlagili. Við tekur gönguleiðin þaðan frá Stuðlagili upp Eyvindarárgil í Húsahvamm og þaðan niður að Brattagerði og endað aftur við Stuðlagil.

Einnig er sagt frá Stuðlagili að vestanverðu við Grund og gönguleiðinni þaðan eftir gamla þjóðveginum norður að Hákonarstaðabrú.



Mynd 2.6. Á yfirlitskortinu eru sýndar þær gönguleiðir er fjallað um í kafla 2.2.4.

#### Stuðlagil - austan ár

Ferðamenn geta lagt bílum sínum við gömlu Hákonarstaðabrú og gengið þaðan að Stuðlagili. Gönguleiðin er hins vegar nokkuð löng eða um 5 km. Bílastæðið er í umsjón Vegagerðarinnar og þar hafa verið settir upp bekkir, fræðsluskilti um brúnna og salernisaðstaða.

Við hlið gömlu brúarinnar, sem nú er göngubrú, er Klausturselsbrú en yfir hana er hægt að aka að bílastæði við Stuðlafoss sem nú er í uppbyggingu og styttr þar gönguleiðina að gílinu töluvert.

Frá Hákonarstaðabrú er um hálf tíma rólegheitagangur að Stuðlafossi. Á leiðinni má rekast á landbúnaðarminjar og kindur hafa það náðugt í brekkunum. Töluvert bílaumferð er um vegslóðann sem er mjór og lítið uppbyggður þannig að bílar og göngufólk eiga sumstaðar erfitt með að mætast.

#### Stuðlafoss

Á bílastæðinu við Stuðlafoss er kominn söluvagn með léttum veitingum ásamt bekkjum og salernisaðstaða er í uppbyggingu. Hér er töluvert um minjar og margir ferðamenn staldra við Stuðlafoss til að horfa á vatnið falla úr Fossá niður stuðlaveggina. Búið er að leggja malarveg með tveimur stórum ræsum yfir árfarveginn við fossinn svo hægt er að ganga þar þurrum fótum.

Frá Stuðlafossi að Stuðlagili er tæpur klukkustundar gangur eftir nýjum stígum sem eru í uppbyggingu. Leiðin liggur að mestu milli túnjaðra og árgilsins en á lokakafla leiðarinnar tekur við lyngmói. Nokkrir vegpóstar hafa verið settir upp sem vísa leiðina að gílinu en fyrir utan landbúnaðarlandslag og árgilið er það náttúrufegurðin í Kringilsárgili hinu megin árinna sem vekur athygli á leiðinni.

#### Stuðlagil

Við Stuðlagil sést glöggt á slóðum í gróðurþekjunni að fjölmargir staðir njóta vinsælda hjá ferðamönnum því jarðvegur er víða illa farinn og horfin af stórum svæðum.

Hér liggur vinsæl leið niður brattan fláa að ánni skammt frá þeim stað sem klettadrangurinn Kerling stendur. Þegar vatnsyfirborðið er hátt umlykur áin Kerlinguna en hægt er að ganga að henni þurrum fótum þegar vatnið er lægra. Vinsælasti ljósmynda- og upplifunarstaðurinn er við Eyjuna þar sem stuðlaveggirnir er hæðstir.

Margir ferðamenn fara hér nokkuð ógætlega enda þekja þeir ekki svæðið og fikra sig því áfram um staðinn í leit að ákjósanlegum myndatökustöðum. Sjá má fólk klifra upp á Kerlinguna með myndavélar um hálsinn og hópa safnast saman uppi á Eyjunni en á báðum þessum stöðum er mikil fallhætta. Ferðamenn treysta jafnframt of vel á viðkvæma grasbakkana á brúnum gilsins til að ganga eftir.

*Skipulagið gerir ráð fyrir að hér verði klárað að byggja upp aðalstíg ásamt merkingum, dvalarsvæðum, öryggis og fræðsluskiltum, tveimur útsýnispöllum við Stuðlagil, og tröppum á tveimur stöðum ofan í gilið, sjá skipulagsuppdraetti bls. 58-61. Breytingar frá því skipulagi verða rökkstuddar í framkvæmdaleyfisumsóknum.*

*Þessi mannvirki verða byggð upp skv. hönnunarviðmiðum rammaskipulagsins og útfærð nánar á hverjum stað skv. verkefningum. Þá er einnig gert ráð fyrir uppgræðslu þeirra sára sem myndast hafa í gróður- og jarðvegsþekju við Stuðlagil.*



Mynd 2.7 Ferðamenn á leið frá Stuðlafossi að Stuðlagili.



Mynd 2.8 Útsýnissvæði frá austurhluta Stuðlagils.



### Eyvindarárgil

Skammt ofan við Stuðlagil fellur Eyvindará úr samnefndu gili í Jöklu en yfir ána er gömul brú. Gönguleiðin upp gilið liggur upp með bökkunum á vesturhlíð þess en ennig er hægt að ganga eftir austurhlíðinni er þar liggur leiðin hærra í brattara landslagi.

Fyrsti hluti leiðarinnar liggur um mela og hróstugt svæði en við taka kindagötur eftir misgrónu lyngivöxnu landi. Umhverfi gilsins er stórbrotið með bröttum hamraveggjum, fossum og mikilfenglegu umhverfi. Þrátt fyrir mikla náttúrufegurð eru yfirleitt fáir ferðamenn hér á ferli og líklegur er að mæta kindum og fuglum en göngufólki. Sagt er að það taki aldrei fyrir beit í gili þó að vetrarríki sé um allan Jökuldal. Uppi á gilbörmunum getur verið skafrenningur og frost en logn og sólbráð niðri í bröttu gili.

### Húsahvammur

Þegar komið er upp úr gili í Húsahvamm taka við grænir hvammar og tiltölulega flatt landslag (sjá mynd bls. 18). Hér er víðsýnt og friðsælt þegar gengið er niður í græna hvammana og áin lygnari. Í Húsahvamm stóðu forðum beitarhús frá Battagerði sem er bær nú í eyði rétt ofan við Jöklu nokkuð sunnan við Eyvindarárgil. Enn má glökkt sjá tóftir beitarhúsanna í Húsahvamm. Skammt fyrir ofan endar skipulagssvæðið en vel búnir ferðamenn geti haldið göngu sinni áfram upp Eyvindarána því 12 km ofar með ánni stendur Fjallaskarðskofi í skarðinu milli Eyvindarfjalla. Með því að vaða ána er hægt að komast hinu megin niður eftir gönguleið til baka að Stuðlagili.

### Brattagerði

Gönguleiðin frá Húsahvamm niður að Brattagerði er mjög óljós. Forðum gengu menn hér á milli bæjar og beitarhúsa en erfitt er fyrir óvana að greina hvar sú leið hefur legið. Sjá má nokkrar frumstæðar vörður á melunum og slóðir sunnan við gilið en beinast liggur við að fylgja einhverri af þeim kindaslóðum sem liggja að bæjarstæðinu skáhalt niður lyngivaxnar brekkurnar, þar til komið er á hjallann ofan við bæjarstæðið. Byggð lagðist hér niður eftir óskufallið mikla 1875. Við gömlu túnin stendur gagnamannakofi, lítið hesthús, fjárgæslugirðing (sjá mynd bls. 25). Þessi mannvirki voru byggð á árunum 1945-1960. Auk þess er hér mikill fjöldi tófta eldri mannvirkja.

Eftir dvöl á svæðinu er hægt að ganga aftur til baka að Stuðlagili með því að fylgja nokkuð ógreinilegum vegslóða. Leiðin liggur norður með árbakkanum en fyrsti hluti hennar fer yfir mýrlendi þar sem erfitt er að finna þurra leið til að komast eftir. Frá Stuðlagili er svo gengið til baka að Stuðlafossi eða bílastæðinu við Hákonarstaðarbrú.

Þessi hringleið upp Eyvindarárgil í Húsahvamm, niður í Brattagerði og aftur að Stuðlagili getur auðveldlega tekið nokkrar klukkustundir en er sannarlega þess virði enda margt að sjá á leiðinni.

*Á þessari leið eru mörg tækifæri til uppbyggingar enda gerir skipulagið ráð fyrir að hér verið byggður upp útivistarstígur eða stikuð leið. Meðfram henni er gert ráð fyrir merkingum, dvalarsvæðum og fræðsluskiltum með upplýsingar um náttúru og byggðarsögu svæðisins.*



Mynd 2.9 Fossar og gljúfur í Eyvindarárgili.



Mynd 2.10 Brú yfir Eyvindará nærri Stuðlagili.

### Stuðlagili - vestan ár

Ferðalagið byrjar við bílastæðið á Grund. Þar hefur móttaka ferðamanna verið í uppbyggingu í nokkur ár og hér er m.a. komin fullkomin salernisaðstaða, veitingasala, gistiþjónusta og tjaldsvæði. Einnig hafa verið sett upp fræðsluskilti við bílastæðið með upplýsingum um ferðamannastaðin og öryggismál.

Aðgengi niður að Stuðlagili er niður brattar brekkur eða hjalla. Þar hafa myndast slóðir niður að gilbakkanum en landeigendur hafa reynt að stýra umferð gesta með korti af gönguleiðunum ásamt því að setja upp timburstaura og kaðla til að tryggja betur öryggi þeirra sem leggja leið sína niður brekkurnar. Þá hafa litlir járnþallar verið settir yfir lækjarfarvegi á tveimur stöðum.

Gönguleiðirnar eru nokkuð hættulegar, sérstaklega þar sem brekkurnar eru mjög brattar og nærri gilbrúnum þar sem stuðlabergsveggirnir eru um 16-17 metra háir og bakkarnir ótraustir. Nyrst á svæðinu skagar bergnybba út í Jöklu og þar niður bratt einstigi er eini staðurinn til að komast niður í árgilið Grundarmegin. Með tilkomu nýrra trappna niður hjallana og þar sem útsýnisfallur er kominn minnkaði til muna umferð ferðamanna eftir gönguslóðunum í brekkunum því margir láta sér nægja að ganga örugga leið niður að útsýnisfallinum og til baka aftur. Þetta nýja mannvirki uppfyllir allar öryggiskröfur og er enn sem komið er eina uppbyggða mannvirkið í Stuðlagili. Hluti gesta hættir sér þó enn eftir gönguslóðum til að fara á aðra útsýnisstaði. Allir hjallanir neðan Grundar eru skilgreindir sem skógræktarsvæði og þar eru víða að vaxa upp stæðileg tré.

Eftir heimsókn í Stuðlagil geta gestir gengið norður eftir gamla þjóðveginum

í átt að Hákonarstaðarbrú. Leiðin liggur yfir Kringilsárgil þar sem áin fossar niður gilið í skógi vöxnu umhverfi. Þaðan heldur leiðin inn í land Hákonarstaða að eyðibýlinu Breiðalæk. Við bæjarstæðið er mikil friðsæld og náttúrufegurð en Jökla rennur skammt fyrir neðan túnið og gott útsýni er yfir að Stuðlafossi hinu megin ár. Þegar haldið er áfram eftir gamla veginum er fljótlega komið að Hákonarstaðarétt og síðan að Hákonarstöðum þar sem uppbygging er nýlega hafin við væntanlegan ferðaðþjónustustað. Þaðan er svo tiltölulega stutt leið niður að bílastæðinu við gömlu Hákonarstaðarbrúna.

*Skipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu fjögurra nýrra útsýnisfalla af misjöfnum stærðum við Grund ásamt viðbótum við núverandi tröppur og útsýnisfall. Einnig er fyrirhugað að byggja upp örugga stiga í hjöllunum niður að útsýnisstöðunum og göngubrýr yfir læki og lítil gil. Við bergnibbuna nyrst er gert ráð fyrir tröppum ofan í gilið, sjá skipulagsupprætti bls. 58-60. Breytingar frá því skipulagi verða rökkstuddar í framkvæmdaleyfisumsóknun.*

*Þá er fyrirhugað að setja upp merkingar ásamt öryggis- og fræðsluskiltum við bílastæði og stiga. Þá er einnig gert ráð fyrir uppræðslu þeirra sára sem myndast hafa í gróður- og jarðvegsþekju við Stuðlagil.*

*Á leiðinni frá Grund að Hákonarstaðarbrú er gert ráð fyrir uppbyggingu aðalstígs ásamt nokkrum dvalarsvæðum. Á leiðinni verða einnig merkingar og fræðsluskilti. Þessi mannvirki verða byggð upp skv. hönnunarviðmiðum rammaskipulagsins og útfærð nánar á hverjum stað skv. verkeikningum.*



Mynd 2.11 Útsýnisfallur og stigi við Grund.



Mynd 2.12 Kringilsárgil.



### 2.3 STEFNA SKIPULAGSINS

Í skipulaginu eru skilgreind svæði fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu þar sem gestir geta sótt fjölbreytta þjónustu. Gert er ráð fyrir að hvert ferðaþjónustusvæði verði með sitt sérkenni en svæðin tengist saman m.a. með uppbyggingu stígakerfis og samræmdu útlit skilta og annarra mannvirkja.

Við alla uppbyggingu þarf að huga að ímynd ferðamannastaðarins og stýra framkvæmdum með sjálfbærni að leiðarljósi svo komandi kynslóðir fái einnig notið gæða staðarins.

Mikilvægt er að tengja uppbyggingu ferðaþjónustu við náttúru- og svæðisbundin menningarverðmæti. Þar sem náttúra og byggðarsaga jarðanna við Stuðlagil er rík af gæðum og sögu má fara ýmsar leiðir í uppbyggingu á ferðaþjónustu og höfða til mismunandi markhópa.

Ferðamenn hafa vissulega ólíkar þarfir og væntingar. Sumir kjósa að staldra stutt við meðan aðrir gætu hugsað sér að dvelja lengur og njóta fjölbreyttrar þjónustu. Dæmi um þjónustu gæti verið hverskonar afþreying, fræðsla, veitingar, gisting og staðbundin varningur.

Til að ferðaþjónustusvæðin geti byggst upp með fullnægjandi hætti þurfa sterkir grunninnviðir að vera fyrir hendi. Með því er átt við að vegir séu góðir, bílastæði næg, salernisaðstaða fyrir hendi, vel uppbyggt og skipulagt stígakerfi, merkingar, fræðsluskilti og heillandi dvalar- og útsýnisstaðir. Nánar er fjallað um þessa grunninnviði í næstu köflum.

#### 2.3.1 Þrjú ferðaþjónustusvæði

Skipulagið gerir ráð fyrir uppbyggingu þriggja ferðaþjónustustaða við Stuðlagil. Stefnt er að áframhaldandi uppbyggingu við Grund og uppbyggingu á nýjum ferðaþjónustustöðum við Stuðlafoss og Hákonarstaði.

Einnig er gert ráð fyrir uppbyggingu á fleiri stöðum svo sem með stígum, skiltum og dvalarsvæðum víða á skipulagssvæðinu til að skapa heildstætt skipulag á öllu svæðinu.

Með góðu samstarfi ferðaþjónustuaðila með ólíka sérhæfingu og áherslur skapast jákvæð samlegðaráhrif þar sem svæðin styrkja hvert annað með fjölbreyttri þjónustu sem höfðar til stærri markhóps.

Markmið með skipulaginu er m.a. að bæta aðgengi fólks að Stuðlagili, auka öryggi þess og stýra umferða um svæðið. Einnig að tryggja verndun náttúru og dýralífs og efla vistvæna þróun ferðamennsku á svæðinu.

#### 2.3.2 Ferðaþjónusta og landbúnaður

Ferðaþjónusta og landbúnaður eru mjög samþættar starfsgreinar enda er ferðaþjónusta ein af stöðum landbúnaðar. Þessar atvinnugreinar þurfa að styðja hver aðra. Það er gert t.d. með því að stýra umferð ferðamanna svo ágangur þeirra hafi sem minnst áhrif á aðra starfsemi á svæðinu. Leitast verður við að landbúnaðarland víkj ekki að óþörfu fyrir annarri starfsemi heldur verði landnóktun skipulögð og skilgreind verði þau svæði sem fara undir ferðaþjónustu. Með því móti er hægt að vernda það landbúnaðarland sem fyrir er.

#### 2.3.3 Grund uppbyggingaráform

Í aðalskipulagi er ferðaþjónustusvæðið við Grund skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði þar sem heimild er fyrir gistipjónustu ásamt gönguleiðum að Stuðlagili og opnu svæði til sérstakra nota.

#### Deiliskipulag í gildi frá 2020

Árið 2018 hófst deiliskipulagsgerð fyrir ferðaþjónustusvæði við Grund en skipulagið öðlaðist gildi í júní 2020. Þar var lögð fram stefna um uppbyggingu innviða tengdri ferðaþjónustu, s.s. nýjum vegi, bílastæði, reiðhjólalastæðum, merkingum og skiltum, þjónustulóðum og fjölbreyttri þjónustu, s.s. salernisaðstöðu, Samhliða breyting var gerð á Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs.

Skilmálar kveða m.a. á um að stígar, tröppur og pallar verði byggðir til beina umferð ferðamanna eftir skipulögðum leiðum og þannig vernda viðkvæma náttúru og fuglalíf svæðisins. Stuðlað verður að samræmdu yfirbragði mannvirkja og markvissri uppbyggingu.

#### Breytingar á deiliskipulagi - í vinnslu

Í breyttu deiliskipulagi Grundar, sem stefnt er á að taki gildi samhliða rammaskipulaginu, er skipulagssvæðið m.a. stækkað og gerð nánari grein fyrir uppbyggingu á þjónustulóðum, útsýnistöðum, stígum og hættusvæðum við gilið. Einnig verður stígakerfi skilgreint og fjallað um uppbyggingu tengistíga til að leiða gesti á öruggan hátt að útsýnisstöðum við Stuðlagil. Jafnframt er gert ráð fyrir nýjum útsýnispöllum með handriðum og göngubrúm yfir læki og lítil gil.

#### 2.3.4 Stuðlafoss uppbyggingaráform

Svæðið er í landi Klaustursels. Stuðlafoss og nærumhverfi eru á skilgreindu opnu svæði til sérstakra nota. Gert er ráð fyrir að með rammaskipulaginu verði gerð sú breyting á aðalskipulagi að ferðaþjónustan verði skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði með sérákvæðum fyrir starfsemina.

#### Deiliskipulag - í vinnslu

Við uppbyggingu er mikilvægt að varðveita náttúru og gæði svæðisins og skapa sérstaka upplifun fyrir gesti. Gert er ráð fyrir uppbyggingu á landbúnaðarlandi Klaustursels norðan við Stuðlafoss í samræmi við deiliskipulag. Markmið skipulagsins er m.a. að bæta innviði og aðgengi að svæðinu.

Uppbygging ferðaþjónustu felur í sér uppbyggingu á þjónustumiðstöð, þjónustubyggingum, tjaldsvæði, salernisaðstöðu og veitingasölu. Heimilt verður að byggja upp bílastæði sem nýtast sem skammtíma- og langtímaþjónusta fyrir ferðamenn sem fara að skoða Stuðlafoss og Stuðlagil. Gera skal ráð fyrir að hluti bílastæða nýtist gestum tjaldsvæðis.

Þá gerir skipulagið ráð fyrir að klárað verði að byggja upp aðalstíg við svæðið, setja upp merkingar ásamt dvalarsvæðum.

#### 2.3.5 Hákonarstaðir uppbyggingaráform

Hákonarstaðir eru á skilgreindu landbúnaðarsvæði og á reit F15 fyrir frístundabyggð. Gert er ráð fyrir að með rammaskipulaginu verði gerð sú breyting á aðalskipulagi að ferðaþjónustan verði skilgreind sem verslunar- og þjónustusvæði með sérákvæðum fyrir starfsemina.

#### Deiliskipulag - í vinnslu

Við uppbyggingu á ferðaþjónustu við Hákonarstaði er gert ráð fyrir að koma upp byggingu með verslun, veitingasölu, salernisaðstöðu og gistipjónustu. Gert er ráð fyrir bílastæðum sem hugsuð eru fyrir viðskiptavini en líkt og á öðrum bílastæðum skipulagssvæðisins má gera ráð fyrir langtímaþjónustu fyrir þá gesti sem stefna á gönguferðir og lengri dvöl. Svæðið við Hákonarstaði er nokkurs konar norðuraðkoma að ferðamannasvæðinu og því mikilvægt að útbúa dvalarsvæði með upplýsingaskiltum um þá þjónustu og upplifun sem í boði er á ferðamannastaðnum.

#### 2.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

##### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Náttúruskoðun og ferðamennska.

Stefna. Ferðaþjónusta er ein lykilatvinnugreina í sveitarfélaginu. Samþætta skal útivist og náttúruvernd til þess að sem flestir íbúar og gestir Fljótsdalshéraðs í nútíð og framtíð geti notið náttúrunnar.

Framfylgd stefnu. Sveitarfélagið eflir ferðaþjónustu í dreifbýli með því að beita sér fyrir stöðugum endurbótum á samgöngum, veitum og fjarskiptum.

## 2.5 SKIPULAGSSKILMÁLAR FERÐAÞJÓNUSTA

*Eftirfarandi skilmálar gilda um ferðaþjónustu á skipulagssvæðinu.*

**2.5.1 Öll uppbygging ferðaþjónustustaða skal vera í samræmi við stefnur og skilmála sem koma fram rammahluta aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2028, Ferðaþjónustu- og áfangastaðurinn Stuðlagil.**

**Uppbygging skal einnig vera í samræmi við stefnu í gildandi aðalskipulagi og sérákvæðum um hvert verslunar- og þjónustusvæði.**





# 3 NÁTTÚRA OG VERND

## 3.1 MARKMIÐ SKIPULAGSINS

Náttúruvernd er leiðarljós við uppbyggingu innviða á svæðinu. Stígar og upplýsingaskilti stýra umferð fólks og koma í veg fyrir rask á gróðri og jarðvegi. Unnið verður að uppgræðslu þar sem skemmdir hafa orðið á yfirborði vegna komu ferðamanna.

## 3.2 FORSENDUR

Niðri við jökulsánna eru víðast hvar klettagil, 5-20 m há, sumstaðar úr Stuðlabergi t.d. þar sem ferðamannastaðurinn Stuðlagil er. Meðfram gilinu þar sem bæjir og tún standa eru víða klettur, hjallar og brattar malarskriðu.

Jökuldalur er jökulsorfinn dalur þar sem aðallega er að finna grágrýti frá fyrri hluta Ísaldar. Hlíðarnar eru þakkar jökluðningi þannig að fast berg sést ekki nema í giljum í dalbotni sem grafin er af ánni og ná eftir honum endilöngum og einnig í klettagiljum í heiðunum beggja vegna þar sem þverár falla ofan í dalinn.

*Vistgerðir* á bújörðum meðfram Jöklu einkennast af skógrækt, ræktuðu landbúnaðarlandi og mólendi. Meðfram ánni eru melar og sandlendi. Inn með Eyvindarargili einkennist vistlendið af melum, sandlendi, skriðum, klettum og mólendi. Þar sem landið stendur hátt yfir sjávarmáli er jarðvegsuppsöfnun lítil. Graslendi og tún eru í dalbotninum og mólendi í hlíðum.

Vegna lækkunar á vatnsyfirborði Jöklu hefur orðið lækkun á meðalgrunnvatsstöðu landsins í kring en hún er breytileg eftir gerð og legu landsins. Niðurstöður rannsókna Landsvirkjunar benda til þess að land gæti hafa þornað að einhverju marki og ná áhrifin lengra út vestan megin árinna en austan.

Á 18. öld var talið að hér væru mjög góð sauðalönd allan ársins hring og sveitin birki- og kjarrvaxin. Vegna hins mikla öskufalls sem varð á svæðinu 1875 má víða greina öskulög þar sem jarðvegsþekjan er rofin. Annars er jarðvegur víða bæði sendinn og öskuefnaríkur.

*Dýralíf.* Yfir sumartímam er algengt að sjá kindur á beit nærri göngustígum ferðamanna. Þá er einnig nokkuð algengt að hreindýr komi niður í dalinn þegar svæði þeirra á heiðunum fyllast af snjó. Fuglalíf er þó áberandi þáttur í fínu svæðisins en er það nálægt mikilvægu fugla- og votlendissvæði á Jökuldalsheiði þar sem m.a. er varpland álfta og heiðagæsa. Mikið er um varp heiðargæsa við Stuðlagil og meðfram ánni. Einnig er mikið fuglalíf upp með Eyvindarargili og við Húsahvamm.

Við breytingarnar á ánni með tilkomu Kárahnúkavirkjunar varð hún hentugri fyrir fisk, m.a. bleikju, urriða og lax og meira ber nú á ryk- og bitmý á svæðinu en áður en áin breyttist.

*Veðurfar* er að jafnaði frekar þurr og snjólétt. Vegna hæðar yfir sjávarmáli eru veturnir kaldari með fleiri frostdögum en sumrin hlýrri miðað við veðurfar á láglandi Fljótsdalshéraðs. Veðurfarið ber landræn einkenni með mikilli dægursveiflu í hitastigi og miklum mun hitastigs milli árstíða.

## 3.2.1 Stuðlafoss

Stuðlafoss fellur úr Fossá sem er jafnan vatnslítill en fossinn getur orðið mjög kröftugur í leysingum. Allt umhverfið er mjög formfagurt þar sem áin fellur tignarlega fram af stuðluðu hraunlaginu. Fyrir neðan fossinn hefur brotnað ofan af stuðlunum þannig að þeir mynda nokkurskonar tröppur í landslaginu.

## 3.2.2 Stuðlagil

Stuðlagil hefur lengi verið þekkt náttúruperla en kom samt ekki almennilega í ljós fyrr en eftir að vatnsmagn í Jöklu minnkaði.

Gilið státar af miklum stuðlabergsmyndunum og þegar áin er nær kemur á hana blágrænn litur sem kallast á við stuðlabergið sem heillar marga ferðamenn. Áin tekur miklum breytingum milli árstíða og þegar Háslón fer á yfirfall getur hún orðið grábrún að lit. Algengast er að yfirfall sé frá ágústbyrjun og fram í október.

Snemma sumars geta ferðamenn orðið fyrir vonbrigðum að koma að Jöklu brúnni og með hátt vatnsyfirborð. Þegar líður á sumarið lækkar í vatninu, stuðlarnir kom betur í ljós og vatnið tekur á sig sinn einkennandi lit.



Mynd 3.1 Húsahvammur og Eyvindarargil.

## 3.2.3 Eyvindarargil

Skammt ofan við Stuðlagil fellur Eyvindará úr samnefndu gili í Jöklu. Umhverfi gilsins er stórbrotið með bröttum hamraveggjum, fossum og mikilfenglegu umhverfi.

Helgi Hallgrímsson hefur lýst gilinu ágætlega í náttúrumæraskrá fyrir Fljótsdalshérað. Þar segir m.a.:

*„Gilið er frábær náttúrusmíð og felur í sér torráðnar gátur. Að innanverðu í gilinu, eru víðast hvar grónar brekkur eða melskriður, að mestu úr jökluðningi, en að utanverðu er aðalefnið móberg, sem myndar hamra og snaga með fjölbreyttum bergmyndum. Á þremur stöðum hefur áin grafið króklaga hliðargil í móbergið að austanverðu“.*

## 3.2.4 Náttúruminjasrá

Náttúruminjasrá er skrá yfir öll friðlýst svæði á Íslandi og önnur svæði sem þykja merkileg en hafa ekki enn verið friðlýst.

Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt Stuðlafoss og Stuðlagil á tillögu að framkvæmdaáætlun náttúruminjasrár, B-hluta, vegna jarðminja. Þar kemur m.a. fram að aukinn ferðamannastraumur geti ógnað verndargildi þess og þörf sé á innviðauppbyggingu og stýringu ferðamanna til að koma í veg fyrir það

## 3.2.5 Ástand gróðurs og jarðvegsþekju

Á þeim sjö árum sem liðin eru frá því að Stuðlagil varð vinsæll ferðamannastaður hafa töluverðar gróðurskemmdir orðið vegna gönguslóða og traðks við útsýnisstaði. Farið var að bera á þessum yfirborðsskemmdum strax sumarið 2018 og síðan þá hefur verið reynt að bregðast við þeim með ýmsum hætti.



Mynd 3.2 Skilarétt og jarðvegsnið við Stuðlafoss.



Mynd 3.3 Stórbrotin náttúrusmíð í Eyvindarargili.



Mynd 3.4 Eyvindarargil og staparnir við Húsahvamm.



### Austurhlið Stuðlagils

Gífurleg umferð ferðamanna liggur um allt svæðið meðfram ánni og þá sérstaklega við gilbrúnnirnar.

Ástand gróðurs og jarðvegsþekju er afar slæmt. Þar fóru framkvæmdir við stígagerð seinna af stað en á vesturhliðinni. Hér er gróður horfinn af stórum svæðum og illa farinn á öðrum. Fjöldi slóða hefur myndast og útsýnisstaðir eru allstaðar traðkaðir niður. Ástandið er sérstaklega slæmt þar sem leiðin liggur niður í árgilið skammt frá klettinum Kerlingu. Þegar komið er niður að ánni ber ekki mikið á gróðurskemmdum enda að mestu grjót og stuðlar sem mynda óformleg göngusvæðin.

Uppbyggður göngustígur var lagður hér á árunum 2021-2022 en frágangi á honum er ekki lokið. Flestir ferðamenn fylgja samviskusamlega þeim stíg lengstan hluta leiðarinnar frá Stuðlafossi en þegar komið er að Stuðlagili kvíslast umferðin. Meðan hluti ferðamanna gengur áfram eftir nýja stígnum fara aðrir eftir eldri slóðum sem liggja að útsýnsstöðunum.

*Skipulagið gerir ráð fyrir að hér verði núverandi stígur lagfærður og frágangi við hann klárað skv. hönnunarviðmiðum rammaskipulagsins. Þá verða byggðir upp útsýnispallar, tröppur og dvalarsvæði til að stýra umferð ferðamanna en unnið verður að uppræðslu eldri slóða samhliða framkvæmdum.*



2018

**Mynd 3.5** Stuðlagil í ágúst 2018. Hún sýnir ágætlega hvernig umhorfs var við Stuðlagil áður en jarðvegsskemmdir urðu áberandi á svæðinu. Í lok sumars 2019 voru komnir þeir stígar í brekkurnar vestanmegin sem sjá má á myndinni á næstu síðu frá júlí 2022.



2022

**Mynd 3.6** Stuðlagil í júlí 2022. Það eykur á jarðvegsrofið á austurhliðinni að mikið vatn rennur niður úr hliðunum fyrir ofan gilið. Hluti þess vatns rennur eftir lækjarfarvegum og steypist niður ofan í árgilið. Annars staðar kemur vatnið upp á yfirborðið vegna þjöppunar á jarðvegi. Yfirborðið á blautum svæðum verður fljótt að moldarsvaði sem gestir eiga erfitt með að fóta sig eftir sem aftur stækkar svæðið sem umferð gesta nær yfir.

### Vesturhlið Stuðlagils

Gönguleiðir voru merktar sumarið 2018 og reynt að stýra umferð um þær með yfirlitskortum og uppsetningu stika og banda á milli þeirra. Sökum þess hve bratt er í hliðunum og jarðvegur undir gróðuryfirborðinu lítill breikkuðu stígarnir fljótt og grófu sig víða niður úr gróðri og moldarlagi en þar undir er jökulurð síðustu ísalda auk gjóskulaga. Við útsýnissyllur þar sem jarðvegur er þykkri hefur traðk gesta einnig valdið gróðurskemmdum.

Nyrst í brekkunum hefur slóð myndast í miklu brattlendi eftir gesti sem hætta sér þá leið til að komast niður í árgilið en hluti stígsins hrundið nýverið ofan í gilið.

Frá uppsetning á tröppum og útsýnispalli við Grund 2020 hefur dregið mikið úr álagi á stíga og slóðir vestan megin gils. Með því að bera saman myndir virðist vera sem yfirborð við útsýnissvæði þar sé að gróa upp á nokkrum stöðum.

*Skipulagið gerir ráð fyrir smíði tengistíga, göngubrúa, trappa og útsýnispalla skv. hönnunarviðmiðum rammaskipulagsins. og er líklegt að nýjar slóðir utan gönguleiða munu ekki myndast. Eldri slóðir verða græddar upp samhliða skógræktaráætlun í hliðunum.*



### 3.3 STEFNA SKIPULAGS

Innviðir eiga að tryggja að umgengni ferðamanna raski ekki náttúru og dýralífi. Stígar munu fylgja landi og rökréttum leiðum ferðamanna að útsýnisstöðum. Pallar og tröppur taka við af stígum í umferðarstjórnun þannig að gönguleiðir utan stígakerfis verða takmarkaðar eins og hægt er.

Þegar stígar leiða gesti með þægilegum hætti að áfangastöðum minnkar til muna þörf fólks til að fara eftir öðrum slóðum. Fræðsla og tilmæli eru einnig til þess fallin að fyrirbyggja þá umferð enn frekar. Botn árgilsins er eina svæðið í Stuðlagili þar sem ekki verða stígar enda ekki hægt að koma því við. Þar er jafnframt minnsta hættan á gróður- og jarðvegsskemmdum því víðast hvar eru það bert grjót og stuðlar sem mynda yfirborðið þegar lægst er í ánni.

Stígar skipulagstillögunnar fylgja að mestu þeim slóðum sem þegar myndast enda hafa þær skapast við göngu fólks eftir ákjósanlegustu gönguleiðunum þrátt fyrir mishæðótt landslag. Uppbyggðir stígar munu fylgja þessum leiðum, jafna hæðarmun og gera þær öruggari og þægilegri.

Útsýnispallar eru staðsettir þar sem jarðvegur er þegar illa farinn af traðki. Mannvirkjagerð mun því valda litlum skemmdum í gróðurþekjunni en er til þess fallinn að hindra frekari skemmdir og beina gestum frá óþarfa slóðum sem myndast hafa.

#### 3.3.1 Þolmarkagreining

Þolmarkagreining sem unnin var samhliða skipulaginu er mikilvægt gagn til að þekkja þol svæðisins fyrir ágangi ferðamanna og hvar þarf að bregðast við með mótvægisáðgerðum ef umferð ferðamanna raskar náttúru. Í samantekt á niðurstöðum þolmarkagreiningar segir að svæðið hafi ekki náð þolmörkum sínum varðandi gestafjölda með tilliti til náttúrfars, öryggis, innviða og upplifun gesta en ráðast þarf í umbætur á öllum þessum sviðum.

#### 3.3.2 Uppgræðsla slóða

Samhliða stíga- og mannvirkjagerð verður farið í að hindra aðgengi að öðrum eldri slóðum. Þar sem nauðsynlegt er verða settar upp einfaldar slár þvert á þær leiðir með tilmælum til gesta og tilvísanir í náttúruvernd. Reynslan sýnir að meirihluti ferðamanna sýnir slíkum tilmælum virðingu þegar aðrar þægilegar leiðir eru fyrir hendi. Þegar gróður hefur jafnað sig verða slárnar fjarlægðar.

Lögð verður áhersla á uppgræðslu með staðargróðri svo að landið nái að jafna sig og fá aftur sína náttúrulegu ásýnd. Skógræktarsvæðin í brekkunum neðan við Grund munu styrkja uppgræðsluna vestan megin gilsins.

#### Ár og lækjarfarvegir

Nýjir stígar verða byggðir upp samkvæmt hönnunarviðmiðum í þessu skipulagi. Það tryggir að vatni sé stýrt með fullnægjandi hætti frá stígum með vatnsrásum fyrir ofan þá og ræsum undir stígana sem leiðir vatnið áfram um lækjarfarvegi niður í gilið.

#### VIÐMIÐ VEGNA UPPGRÆÐSLU

##### Uppgræðsla með staðargróðri

Við uppgræðslu eldri slóða er mikilvægt að sækja torfur með svarðlagi með samþætilegum plöntutegundum og eru í umhverfi sáranna. Í lyngmóum, sem er einkennandi vistgerð á svæðinu, er betra að taka stærri torfur enn minni og passa að rætur og gróðurþekja verði fyrir sem minnstu hnaski í flutningum. Ekki á að þjappa lyngið niður því sumar plöntur og mosar eru viðkvæmar fyrir skaða af þeim sökum.

Gróðurtorfur er æskilegt að sækja á svæði þar sem umferð ferðamanna er lítil og svæðin að öðru leiti ekki viðkvæm fyrir raski. Þau sár yrðu jafnframt grædd upp. Þessi aðferð er valin þar sem grónar torfur stuðla að betri og hraðari uppgræðslu slóða en sáning eða gróðursetning.

Ef vel er að verki staðið þarf lítið sem ekkert viðhald eftir að búið er að koma þökunum fyrir nema að hindra ágang manna.

Í hjöllunum neðan við Grund er mælt með því að trjáplöntur verði gróðursettar í aflagðar og eldri slóðir þar sem allt svæðið er skilgreint sem skógræktarsvæði.



Mynd 3.7 Röskuð gróðurþekja í landi Grundar.

#### 3.3.3 Dýralíf

Ekki er talin þörf á því að ráðast í aðgerðir varðandi sambúð manna við kindur eða hreindýr. Ekki er heldur talin þörf á sérstökum aðgerðum varðandi fuglalíf þar sem gönguleiðir munu að mestu leiti liggja eftir túnjöðrum og núverandi stígum og slóðum.

Þó er ástæða til að miðla fróðleik til ferðamanna um að þeir gæti varúðar á varptíma fuglanna og fari ekki útaf skipulögðum gönguleiðum þar sem mikið fuglalíf er.

#### Eyvindarárgil og Brattagerði

Í Eyvindarárgili er ekki gert ráð fyrir mikilli umferð ferðamanna. Skipulagið gerir þó ráð fyrir útvistarstígum og stikuðum leiðum en þær munu að mestu leiti liggja um ógróna mela og eftir kindaslóðum á leiðum þar sem menn hafa farið um frá örófi alda.

Talið er ólíklegt að stígagerð og stikaðar gönguleiðir muni raska fuglalífi á því svæði en þó er lagt til að, í samræmi við athugasemd Náttúrufræðistofnunar Íslands við lýsingu rammaskipulagsins, að æskilegt sé að gera úttekt á fuglalífi þessarar svæða áður en nákvæmlega gönguleiða verður ákveðin.

Á þessum leiðum er einnig gert ráð fyrir að miðla til ferðamanna að gæta varúðar á varptíma fuglanna og fara ekki út af skipulögðum gönguleiðum.

#### 3.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

##### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Nýting og verndun

**Stefna.** Það er stefna Fljótaldalshéraðs að standa vörð um fjölbreytni svæðisins hvað varðar lífríki og landslag.

Það er stefna Fljótaldalshéraðs að vera öðrum fyrirmynd með því að sýna ábyrgð gagnvart umhverfi og komandi kynslóðum.

Lögð er áhersla á samstarf við íbúa og fyrirtæki og ábyrgð þeirra í að skapa sveitarfélaginu snyrtilega og fagra ásýnd. Í starfsemi sveitarfélagsins er litið á umhverfismál sem framtíðartækifæri.

Það er stefna Fljótaldalshéraðs að stuðla að og efla þá sérstöðu sveitarfélagsins sem felst í grænni ímynd. Græna ímyndin er auðlind og byggir á náttúru svæðisins, fjölbreyttum landbúnaði, samfélaginu og samspili dreifbýlis og þéttbýlis.

Fyrirbyggja skal hnignun vistkerfa og stuðla að endurheimt þeirra þar sem því verður við komið.

Fljótaldalshérað leitast við að eiga gott samstarf um náttúruvernd við landeigendur og náttúruverndaryfirvöld.

**Framfylgd stefnu.** Sveitarfélagið sér til þess að góðar merkingar séu fyrir hendi og aðgengi að náttúruperlum og friðlýstum svæðum Fljótaldalshéraðs.

### 3.5 SKIPULAGSSKILMÁLAR NÁTTÚRA OG VERND

*Eftirfarandi skilmálar gilda um verndun náttúru á skipulagssvæðinu.*

**3.5.1 Viðhald og uppbygging á núverandi og nýjum aðalstígum skal fara eftir hönnunarviðmiðum rammaskipulagsins.**

**3.5.2 Við lagningu stíga við Stuðlagil skal miða við grunnmynd á bls. 60-61 nema annað sé sérstaklega ákveðið og rökstutt í framkvæmdaleyfisumsókn. Lega annarra stíga ákvarðast í samráði við landeigendur en leiðbeinandi lega þeirra er sýnd á bls. 61.**

**3.5.3 Eftir framkvæmdir við einstök mannvirki skal huga að uppgræðslu eldri slóða skv. hönnunarviðmiðum 3.3.2 til að endurheimta náttúrulegt yfirbragð svæðisins.**

**3.5.4 Leiðbeinandi gönguleiðir í Eyvindarárgili og við Brattagerði eru sýndar á bls. 61 en nákvæmlega er ákveðin með þeim aðilum sem þekkja svæðið best og eftir að úttekt hefur verið gerð á fuglalífi við fyrirhugaða gönguleið.**





# 4 SAGA OG MINJAR

## 4.1 MARKMIÐ SKIPULAGSINS

Uppbygging tryggir verndun minja með því að stýra aðgengi að minjasvæðum og upplýsa gesti um sögu svæðisins. Stígar liggja að minja- og sögusvæðum þar sem dvalarsvæði eru staðsett með upplýsinga- og fræðsluskiltum.

## 4.2 FORSENDUR

Efri Jökuldalur er ríkur af margskonar menningarminum sem bera langri búsetu-sögu vitni. Lítið hefur verið gert til að miðla þeim upplýsingum til ferðamanna enda tiltölulega stutt síðan þeir tóku að venja komu sínar í dalinn. Fornleifaskráningar hafa þó farið fram víða á svæðinu í tengslum við skipulagsgerð og framkvæmdir.

### 4.2.1 Byggðin í dalnum

Búsetusaga Jökuldals er líkleg jafngömul byggðarsögu landsins. Í landnámu og íslendingasögum er fjallað um fyrstu landnema dalsins og atburði tengda þeim. Í landnámu segir:

„Hákon hét maður er nam Jökuldal allan fyrir vestan Jökulsá og fyrir ofan Teigará og bjó á Hákonarstöðum“.

Hefðbundin búskapur hefur lengst af verið stundaður í dalnum og þá einkum sauðfjárrækt. Þegar manntal var tekið árið 1703 var búið á Hákonarstöðum og í Klausturseli. Gos í Öskju varð árið 1875 en það var fyrsta gos þar frá landnámi og olli gífurlegu öskufalli á skipulagssvæðinu en efstu bæjir á Jökuldal eru í tæplega 60 km fjarlægð frá Öskju. Askan varð um 20 cm þykk og fór svo að allir íbúar svæðisins flúðu

tímabundið. Margir fóru til Vopnafjarðar en aðrir yfirgáfu landið og fóru vestur um haf en dalurinn byggðist fljótt aftur. Síðan þá hefur Askja gosið sjö sinnum en þau gos öll verið smávægileg.

Um aldamótin 1900 bjuggu 317 manns á Jökuldal en þeim hafði fækkað niður í 107 árið 2017 en af þeim bjuggu 21 í Efri-Jökuldal allt árið um kring og 8 til viðbótar hluta úr ári. Árið 2022 er stundaður hefðbundin landbúnaður á skipulagssvæðinu, skógrækt og ferðaþjónusta. Á Klausturseli og Hákonarstöðum II og III er búið allt árið en hluta úr ári á Grund.

### 4.2.2 Saga ferðaþjónustu á svæðinu

Lengst af var umfang ferðaþjónustu lítið í efri Jökuldal. Þeir ferðamenn sem komu röskuðu lítið hefðbundnum landbúnaðarstörfum íbúa eða friðsældinni í dalnum.

Árið 1994 var opnað gallerí í Klausturseli sem seldi vörur úr hreindýraleðri og ull samhliða því að vísir að húsdýragarði var stofnaður 1996. Þessi rekstur stóð í um fimmtán ár og um tíma voru uppi áform um að temja hreindýr og bjóða ferðafólki m.a. kost á sleðaferðum um öræfin austanlands. Þegar húsdýragarður var starfræktur mátti sjá þar fjölmargar tegundir dýra uppvið bæinn. Þar stendur enn fornlegt hús sem hýsti

hreindýr á sínum tíma og var byggt á gömlum vegghleðslum.

Til að byrja með voru gestir sem heimsóttu Klaustursel um nokkur hundruð yfir hásumarið frá júní til júlí en náðu vel á þriðja þúsund um aldamótin. Aðalega var um að ræða íslenska ferðamenn og þá einkum fjölskyldur á einkabílum. Hluti ferðamanna komu á svæðið sérstaklega til að fara í galleríið eða húsdýragarðinn en margir komu einnig við á leið sinni annað, voru t.d. á leið inn í Kverkafjöll eða upp að Snæfelli. Eftir að umræðan og framkvæmdir við Kárahnjúkavirkjun fór af stað og leiðin inn í Hafrahvammagljúfur við Kárahnúkana var opnuð varð mikil aukning að umferð um dalinn.

### Ferðamannastaðurinn Stuðlagil

Lífið í Efri-Jökuldal tók miklum breytingum þegar ferðamenn uppgötvuðu Stuðlagil árið 2017 og fjöldi fólks tók að streyma að svæðinu. Uppbygging ferðaþjónustu við Grund hófst 2018 og um 2020 innan landamerkjanna Klaustursels. Síðan þá hefur gilið orðið einn af helstu áfangastöðum austurlands.

Nánar er sagt frá ferðamannastaðnum í öðrum köflum.



Mynd 4.1 Útihús við Breiðalæk, byggð 1941-46 en fyrir aftan útihúsin, fjær á myndini, stendur íbúðarhúsið sem byggt var 1941.

## 4.2.3 Minjastaðir rammaskipulagsins

Hér verður fjallað um minjastaði á landi því sem nær inn á skipulagssvæðið hjá eftirtöldum jörðum; Klausturseli, Brattagerði / Skriðuklaustri, Grundar og Hákonarstöðum. Fjallað er um þá minjastaði sem helst þykja koma til greina til að kynna í tengslum við uppbyggingu ferðaþjónustu og byggðarsögu Efri-Jökuldals t.d. með uppsetningu fræðsluskilta og dvalarsvæða samhliða stígagerð.

### Minjar í landi Klaustursels

Klaustursel tilheyrði til forna Skriðuklaustri en nafnið ber vott um að bærinn hafi í upphafi verið sel frá klaustrinu en það var starfrækt frá 1493 til 1550. Bærinn var síðan hjáleiga og Skriðuklaustursjörð fram undir síðustu aldamót en hreppseign eftir það og bændaeign frá árinu 1937. Ekki er búið að skrá minjar við sjálft bæjarstaðið sem er utan rammaskipulagssvæðisins.

Stuðlafoss (áður Fossgerði), eyðibýli skammt frá Stuðlafossi. og taldist hjáleiga frá Klausturseli. Fossgerði var nýbýli sem byggt var upp um 1850. Nafni jarðarinnar var breytt í Stuðlafosss um 1920 en hún fór síðan í eyði árið 1958. Síðan þá hefur jörðin verið nytjuð frá Klausturseli. Hér er fjöldi minja um byggð og búskap ásamt náttúruvættum eins og Stuðlafossi. Samkvæmt skipulagi er hér gert ráð fyrir dvalarsvæðum með fræðslu um náttúru og sögu svæðisins. Hér gisti nóbelskaldið Halldór Laxnes veturinn 1926 eftir hrakningar á Fljóts-dalsheiði og skrifaði um það í bók sinni „Dagleið á fjöllum“:

„Mig minnir að bærinn þángað sem við komum um nóttina hétu Stuðlafoss, skáldlegt nafn, litill fátæglegur bær, illa hýstur....það er einhver ljúfasta hvíld sem ég hef notið að leggjast til svefnis á þessum litla bæ upp við brjóst landsins þessa vetrarnótt.“



Mynd 4.2 Hákonarstaðarétt.



Mynd 4.3 Útihús í Brattagerði.



Mynd 4.4 Nýlegt hús í gömlum stíl við Hákonarstaði.



### Minjar í landi Skriðuklausturs

Brattagerði, eyðibýli í Rana. Jörðin er í eigu Skriðuklausturs, nýttjað þaðan og litið á hana sem hluta Skriðuklaustursjarða þó að bærinn hafi tilheyrt Jökuldalshreppi og átt kirkjusókn þar. Undirlendi í Brattagerði er lítið og standa mannvirkin að mestu í tveimur stöllum neðst en þar er nú gagnamannakofi Fljótsdælinga.

Samkvæmt rammaskipulaginu er hér gert ráð fyrir dvalarsvæðum með fræðslu um náttúru og sögu svæðisins. Í Brattagerði var friðlýst forn bæjarrúst árið 1931 og töluverður fjöldi minja frá yngsta bænum er skráður.

*Húshvammur*, tóftir beitarhúsa eru í hvömmunum fyrir ofan fossana í Eyvindar-árgili. Það heitir Stórhvammur að utanverðu en Húshvammur að innanverðu. Minjarnar eru vel sýnilegar en engin skráning á þeim hefur farið fram. Samkvæmt skipulagi er hér gert ráð fyrir dvalarsvæðum með fræðslu um náttúru og sögu svæðisins.

### Minjar í landi Grundar

Grund stóð til forna á landsvæði Hákonarstaða en þá stóð þar beitarhús eða sel, nefnt Flatasel, sem seinna varð sjálfstæð landbúnaðarjörð. Búskap á Grund var hætt í kringum 1995 en túnin hafa verið nýtt og unnið að skógrækt síðan 1999.

*Gamla þjóðleiðin að Hákonarstöðum.* Hér var vegur lagður 1947-1950 en á herforingaráðskortum frá 1933-34 er eldri þjóðleið sýnd á sama stað. Þjóðvegurinn var síðan fluttur hærra upp í landið á áttunda áratug síðustu aldar. Skipulagið gerir ráð fyrir

að gamla þjóðleiðin verði endurvakin með þeim hætti að aðalstígur verði lagður eftir leiðinni milli Grundar og Hákonarstaða.

### Minjar í landi Hákonarstaða

*Breiðilækur* er eyðijörð en hér stóð áður *Heimasel* er tilheyrdi Hákonarstöðum. Breiðilækur var nýbýli keypt út frá Hákonarstöðum 1937. Uppbygging þar hófst 1941 en fór í eyði 1984. Engin skráning hefur farið fram á minjunum.

*Hákonarstaðarétt* er steinhlaðin fjárrétt byggð um 1921. Lítil hluti réttarinnar er torfhlaðin og á einstaka stað er strengur lagaður ofan á grjótveggina. Hætt var að nota réttina 1985. Samkvæmt skipulagi er hér gert ráð fyrir dvalarsvæðum með fræðslu um náttúru og sögu svæðisins. Tilvalið væri að staðsetja dvalarsvæðið undir bakkanum milli Breiðalækjar og Hákonarstaðaréttar með útsýni yfir að Stuðlafossi.

*Hákonarstaðir* er landnámsjörð en það kemur víða fyrir gömlum ritum og heimildir er um fjölmargar minjastaði og hafa merkar minjar fundist t.d. fornar þriggja metra vegghleðslur og axarblað á 3m dýpi. Hér stóð lengi veglegur burstabær. Fullnægjandi fornleifaskráning á eftir að fara fram.

*Hákonarstaðarbrú* smíðuð í New York, flutt hingað og sett upp árið 1908. Telst vera elsta ökufæra brú landsins. Hún var gerð upp 2008 og er nú aðalega fyrir gangandi vegfarendur og léttu umferð. Brúin er friðuð vegna aldurs skv. lögum nr. 80/2012 og skilgreind sem minjabrú í skýrslunni Vegminjar, Norður- og Austurland sem var unnin fyrir Vegagerðina 2019.

*Staðsetning helstu minjastaða er sýnd á skipulagsupprætti á bls. 56.*

### 4.2.4 Fornleifaskráningar

Fornleifaskráningar hafa farið fram víða á svæðinu í tengslum við deiliskipulagsgerð og aðrar framkvæmdir. Sumar af þessum fornleifaskráningum uppfylla ekki skráningastaða Minjastofnunar og ekki liggur fyrir skráning húsa og mannvirkja innan svæðisins en sú skráning þarf að fara fram áður en deiliskipulag fyrir einstök svæði er samþykkt. Einnig er óheimilt að veita leyfi til bygginga eða framkvæmda án undanfarandi skráningar skv. 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Tekið er mið af þekktum fornminjum í skipulaginu og ef áður óþekktar minjar finnast er vísað til 24. gr. laga um menningarminjar

### Yfirlit yfir fornleifaskráningar

Lokið er fornleifaskráningu á þeim þremur deiliskipulagsvæðum sem eru innan ramma-skipulagsins. Auk þess hefur fjöldi minja verið skráður í tengslum við önnur verkefni. Hér er á næstu blaðsíðum er yfirlit yfir skráningar innan skipulagsvæðis:

### 4.3 STEFNA SKIPULAGSINS

#### 4.3.1 Varðveisla minja

Mikilvægt er að standa vel að varðveislu sögu- og menningarminja. Það er m.a. gert með því að viðhalda þeim í samstarfi við Minjastofnun og nýta áfram með einhverjum hætti. Þetta á t.d. við um réttina, gamla vegslóða og forn bæjarstaði. Hákonarstaðarbrú er gott dæmi um minjar sem eru enn í notkun þó þær hafi fengið nýtt hlutverk. Annað dæmi um varðveislu samgönguminja er að skipulagið gerir ráð fyrir að nýta á ný gamla þjóðleið milli Grundar og Hákonarstaða til að leggja nýjan aðalstíg. Í stað þess að láta vegstæðið gróa upp fær það nýtt hlutverk í uppbyggingu ferðapjónustu- og áfangastaðarins og verður hluti af nýju stíganeti.

Samgönguminjar eru þess eðlis að eina leiðin til að varðveita þær er að viðhalda þeim í sínu náttúrulega umhverfi. Skipulagið stefnir að því að staðsetja nýja stíga þar sem gamlar slóðir eru enda eru það oft rökréttustu leiðir milli staða.

#### 4.3.2 Merking og fræðsla

Skipulagið gerir ráð fyrir að stýra umferð um minjasvæði, merkja þau og setja upp fræðsluskilti með áhugaverðum upplýsingum um sögu hvers staðar ásamt kóða á netsíðu til að nálgast frekari fróðleik. Við uppbyggingu þarf að gæta að helgunarsvæði minja. Stígar og dvalarsvæði stýra umferð fólks og koma í veg fyrir rask.

#### 4.3.3 Verndun minja

Vernd menningarminja fer eftir lögum um menningarminjar nr. 80/2012 en til fornleifa teljast hvers kyns mannvistarleifar á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Stígagerð, dvalarsvæði, skilti og önnur uppbygging stuðlar að verndun minja þar sem aðgengi gesta er stýrt ásamt því að minjarnar og saga þeirra verður gerð sýnilegri.

### 4.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

#### ADALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Þjóðminjaverndarsvæði

**Stefna.** Við gerð deiliskipulagsáætlana og útgáfu framkvæmdaleyfa skal tekið tillit til menningarminja og menningarlandslags í samræmi við fornleifaskráningu og staðhætti.

**Framfylgd stefnu.** Í framhaldi af fornleifaskráningu í sveitarfélaginu verði aðrar menningarminjar skráðar í samvinnu við íbúa og staðkunnuga. Lögð skal áhersla á að nýta slíka vinnu í skólalastarfi í sveitarfélaginu, bæði vinnslu gagnanna og miðlun þeirra.

Sveitarstjórn gengst fyrir því að kynna sögu og menningu sveitarfélagsins þannig að þekking og virðing viðhaldist á sögu svæðisins.

#### Yfirlit yfir fornleifaskráningar

Lokið er fornleifaskráningu á þeim þremur deiliskipulagsvæðum sem eru innan ramma-skipulagsins. Auk þess hefur fjöldi minja verið skráður í tengslum við önnur verkefni. Hér er yfirlit yfir skráningar innan skipulagsvæðis:

[Verkefnisnúmer 2726](#)

Vegagerð milli Hákonar- og Arnórstaða. Sagnabrunnur, 2022

[Verkefnisnúmer 2682](#)

Deiliskipulag að Klausturseli Sagnabrunnur, 2021

[Verkefnisnúmer 2734](#)

Deiliskipulag að Hákonarstöðum Sagnabrunnur, 2021

[Verkefnisnúmer 2728](#)

Deiliskipulag í landi Grundar Sagnabrunnur, 2021

[Verkefnisnúmer 2223](#)

Lagning ljósleiðara á Héraði Sagnabrunnur, 2020

[Verkefnisnúmer 2817](#)

Deiliskipulag í landi Grundar Fornleifafræðistofan, 2019

[Verkefnisnúmer 1791](#)

Skráning á Héraði Byggðasafn Skagfirðinga, 2016

[Verkefnisnúmer 2113](#)

Vegna Kárahnjúkavirkjunar Fornleifastofnun Íslands, 2001

[Verkefnisnúmer 2619](#)

Fyrirhuguð Kröflulína 3 Fornleifafræðistofan, 1999

## 4.5 SKIPULAGSSKILMÁLAR SAGA OG MINJAR

*Eftirfarandi skilmálar gilda um sögu og minjastaði á skipulagsvæðinu.*

**4.5.1 Minjastaðir verða byggðir upp með uppsetningu dvalarsvæða og fræðsluskilta og tengdir við stígakerfi þar sem gert er ráð fyrir helgunarsvæði minja.**

**4.5.2 Til að varðveita samgöngu-minjar verður leitast við að staðsetja nýjar gönguleiðir þar sem fyrir eru eldri slóðir og þjóðleiðir.**

**4.5.3 Stuðlað verði að varðveislu sögu- og menningarminja með því að lagfæra og viðhalda minjum, t.d. réttum, uppstandandi húsum og húsatóftum og finna þeim nýtt hlutverk ef mögulegt er.**

**4.5.4. Stígar og merkingar stýri umferð fólks um svæðið m.a. til að vernda minjar.**





# 5 ÖRYGGISMÁL

## 5.1 MARKMID

Gætt verður að öryggi og upplifun gesta við alla uppbyggingu á svæðinu. Skilgreind eru hættusvæði og umferð gesta stýrð með stígum, útsýnispöllum og öðrum mannvirkju. Um leið er stuðlað að vernd á viðkvæmum gróðri.

## 5.2 FORSENDUR

Ferðamenn þurfa að gæta vel að sér við Stuðlagil því víða er hrun- og fallhætta. Steinar og klettur geta verið blautir og sleipir, þykkir sveibunkar lagst yfir brekkur, hrúnið úr árbökkum og stuðlablokkir fallið niður í árgilið. Þetta eru nokkrir af þeim áhættuþáttum sem mæta ferðamönnum á svæðinu.

Slys hafa því miður orðið í giliinu og þeim mun án efa fjölga ef ekki verður hugað að uppbyggingu mannvirkja til að tryggja öryggi gesta. Það eykur á alvarleikann að farsímasamband er stöðugt og það tekur töluverðan tíma fyrir viðbragðsaðila að komast á staðinn.

### 5.2.1 Öryggisúttekt í Stuðlagili

Verkfræðistofan Efla vann öryggisúttekt sumarið 2021 í tengslum við umhverfisskipulag svæðisins. Þeirri úttekt er ætlað að vera leiðbeinandi fyrir ákvarðanatöku um staðsetningu mannvirkja. Öryggisúttektin náði yfir helsta ferðamannasvæði Stuðlagils.

Megin niðurstöður öryggisúttektar voru að víða við gilið eru ummerki um sprungumyndun og nýlegt grjóthrun. Þá er fallhætta víða á gönguslóðum og á flestum stöðum við gilsbakkanna. Hér er samantekt um nokkur af þeim atriðum sem koma fram í úttektinni.

## Útsýnisstaðir

Ferðamenn staldra við og njóta umhverfisins meðfram öllum giliinu enda sést það á miklum fjölda slóða í gróðrinum og óskipulögðum áningastöðum sem hafa troðist niður. Við þessa staði er víðast hvar mikil fallhætta og aðgengi að þeim varhugavert.

Aðeins einn útsýnisstaður sker sig út úr þessari heildarmynd varðandi aðgengi og öryggi en það er útsýnisstaðurinn neðan Grundar milli Kerlingar og Eyjunnar. Þar er búið að byggja upp tröppur og útsýnispall sem uppfyllir öryggiskröfur.

Niðri í árgiliinu eru einnig vinsælir útsýnisstaðir en öryggi þeirra verður ekki tryggt með mannvirkjum.

## Göngustígar og slóðir

Öryggi gesta er almennt gott á uppbyggðum göngustígum austan megin gils en gróf yfirborðsmöl, vatnssöfnun og brattir jaðrar stígana við Stuðlagil auka fallhættu á stígum sjálfum.

Vestan megin eru stígar/slóðir að útsýnisstöðum í miklum hliðarhalla og á nokkrum stöðum nærri gilsbrúnum. Fallhætta er niður á gilbotn en fyrir ofan stígana eru steinar og hnellingar sem geta farið af stað og rúllað niður hjallana en það getur helst átt sér

stað við rof, t.d. við mikla rigningu. Skógrækt á svæðinu mun með tímanum minnka líkur á þessri hættu. Á öllum göngustígum getur orðið hált í bleytu og snjó.

*Gilbrúnirnar* eru víða myndaðar úr háum lóðréttum stuðlabergsveggjum sem skapar mikla fallhættu því gróðurhulan nær fram á brúnirnar og slútir víða yfir þær og gerir þær ótraustar. Austan megin eru gilbrúnirnar óreglulegri og lægri. Á nokkrum stöðum við gilbrúnirnar má sjá sprungur í bergveggjum, lausa, slútandi og frostsprungna stuðla.

*Gilbotninn* er gamall árfarvegur sem þornar yfir sumartímann með ósléttu stuðlabergsgólfi, grýttu og blautu á köflum. Við fall er mögulegt að lenda í ánni. Svæðið fer undir vatn í vorleysingum og þegar Háslón fer á yfirfall.

Að vetrarlagi getur verið mikil hálka og fallhætta. Ána getur lagt að hluta með ótraustum ís sem hætta er á að gefi sig og fólk lendi í ánni. Grílukerti geta hrúnið skyndilega niður bergveggina t.d. í mikilli hláku. Víða má sjá ummerki um hrun á gilbotninum. Síðan öryggiúttektin fór fram hafa stuðlar og berg fallið niður frá bökkunum í árgilið á nokkrum stöðum og á einum stað í hjöllunum neðan við Grund hefur hluti af óskipulagðri gönguslóð fallið niður í gilið þegar landið neðan við stigin gaf sig.



Mynd 5.1 Grunnvatn úr votlendi ofan við gilið seytlar niður gilið og getur myndað mikla klakabunka, sjá svæði nr. 2 á næstu blaðsíðu.

## 5.3 STEFNA SKIPULAGSINS

Skilgreind eru hættusvæði og umferð gesta stýrð með stígum, tröppum, brúargerð og útsýnispöllum. Gestir þurfa að vera upplýstir um varasöm svæði og hvattir til varkárni þar sem ekki eru skipulagðir stígar. Þá verða sérstaklega hættuleg svæði merkt og umferð að þeim hindruð með einföldum mannvirkjum. Mannvirkjagerð við gilið er jafnframt til þess fallin að stuðla að verndun á viðkvæmum gróðri.

### 5.3.1 Fyrirkomulag umferðar í Stuðlagili

#### Aðkoma að Stuðlagili og stígar

Gert er ráð fyrir aðalstígum frá bílastæðum ferðapjónustuaðila að stígakerfi svæðisins, sem liggur að Stuðlagili, Eyvindarárgili og fleiri svæðum.

#### Útsýnispallar og tröppur

Pallar með handriðum verða staðsettir á helstu útsýnisstöðum og tröppur niður að Jöklu munu tryggja öryggi gesta beggja vegna Stuðagils. Við tröppur verða hógvær upplýsingarskilti sem vara við hrun- og fallhættu sé gengið niður í gilið og út fyrir skipulagðar gönguleiðir.

Við enda trappna niður í árgilið verði lítill pallur þar sem ferðamenn geta staldrað við, notið útsýnissins og tekið myndir. Þar er gert ráð fyrir lágri slá sem auðvelt er að komast yfir og hefur ekki mikil inngríp á ásynd umhverfisins. Sláin þjónar fyrst og fremst þeim tilgangi að gera fólki ljóst að verið sé að yfirgefa skipulagðar gönguleiðir og gestir þurfi hér að gæta að eigin öryggi. Einnig verður sett upp einföld slá með texta sem varar fólk sterklega við að fara upp á topp Eyjunnar og Kerlingarinnar þar sem mikil hrun- og fallhætta er.

*Á uppdrætti skipulagsins er sett fram leiðbeinandi lega stíga og staðsetning útsýnispalla, tengipalla, trappna og dvalarsvæða.*



Mynd 5.2 Útsýnisstaður, nr. 9 á næstu síðu.



Mynd 5.3 Sprungur, svæði nr. 5 á næstu síðu.



Mynd 5.4 Brekkur neðan við Grund, svæði 7.



### 5.3.2 Tillögur að úrbótum

Lagðar eru til eftirfarandi leiðir til að stuðla að bættu öryggi við Stuðlagil.

#### Uppbygging örugggra mannvirkja

Uppbygging mannvirkja á hættusvæðum gilsins verður skv. skilgreiningu hættusvæða. Gert er ráð fyrir uppbyggingu tíu útsýnssvæða, sem öll eru þekktir upplifunarstaðir.

#### Fræðsla til gesta

Skilti með upplýsingum um að fylgja skipulögðum stígum, gæta að viðeigandi skóbúnaði ofl., um að gæta að eigin öryggi m.t.t. hálku, hrunhættu og fallhættu, um að varast, þar sem hægt er að vera beint undir bergveggjunum.

#### Hindra umferð

-Ofan á Kerlingu og Eyjuni þar sem hrun- og fallhætta er mikil enda fólk á ferli bæði uppi á háum stuðlaveggjunum og fyrir neðan. -Við gilbrúna nema þar sem skipulagðar gönguleiðir eru og öryggismannvirki.

#### Eftirlit og lokanir

Hafa eftirlit með sprungum í gilsbrúnum og bergveggjum. Takmarka aðgengi ef hætta er á hruni. Í verstu vetrarhörkum og þegar ekki er hægt að tryggja öryggi gesta verður stígum lokað fyrir almenna umferð. Mikilvægt er að ákveðið verði í samráði við Múlaþing með hvaða hætti þetta eftirlit fari fram og hver sé ábyrgur fyrir því.

### 5.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

#### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Heilsa og öryggi

**Stefna.** Sveitarfélagið stuðlar að öryggi íbúa og gesta með því að vinna stöðugt að endurbótum á samgöngum og fjarskiptum.


#### 5.3.3 Útsýnisstaðir skipulagsins

**Nr. 1** Úttraðkaður útsýnisstaður og nauðsyn að setja upp handrið / pall vegna fallhættu.

**Nr. 2** Hér er leið niður að gilbotni niður 6-7m brattan og blautan fláa með laust yfirborð á köflum. Klakamyndun að vetri til.

**Nr. 3** Úttraðkaður útsýnisstaður meðfram gilbrúnni. Mikill fallhætta vegna ótrástra gilbrúna og nauðsyn á handriðum.

**Nr. 4 og 5** Úttraðkaður útsýnisstaður nr. 4 og leið niður á gilbotninn á vinsælasta áfangastað gilsins (nr. 5). Fláinn er grófur, með steinum og hnullungum og niðurtroðnum gróðri í yfirborði. Stór óregluleg þrep sem eru hál í bleytu.



Mynd 5.5 Atriði úr öryggisúttekt.

Minniatriði frá Öryggisúttekt Efla og vettvangsferðum Teiknistofu Norðurlands

#### X Staðsetning útsýnisstaða

Við nyðri enda Eyju er 2-3m hári flái. Getur verið hált í bleytu. Opnar sprungur, frostsprungnir stuðlar ofan á Eyjuni

Misvel grónir hjallar, ber jökulurð með steina og hnullunga í yfirborði, skógræktarsvæði

Jarðvegur á hægu framksriði

Pröngir stígar / troðningar að útsýnissyllum í miklum hliðarhalla nærri gilbrún. Undirlag stíga er niðurtroðin jarðvegur, mold, vikur eða jökulurð hjallana. Hált í bleytu og snjó. Fallhætta af stígum niður á gilbotn

Bergið sem slíkt er sterkt og stuðlar hrinja ekki svo auðveldlega niður. Hins vegar eru rofaðill, vatn, frost og þiða stöðugt að vinna á berginu.

Hrun er algengast á vorin þegar frost er að fara úr jörðu. Berg sem vatn og frost gætu hafa losað um veturinn haldast uppi meðan frost er í jörðu en geta hrunið niður í þýðu. Það sem ekki hrynur niður þegar hlánar á vorin er líklegra til að vera til friðs það sumarið.


### 5.3.4 Skilgreining hættusvæða

Til á ná markmiðum varðandi öryggi ferðamanna er svæðinu skipt upp í fjóra öryggisflokkka eftir hættu og lagðar fram tillögur um mismunandi uppbyggingu mannvirkja eftir hættusvæðum.

Þegar komið er að gilbarmi Stuðlagils er farið inn á svæði sem er skilgreint sem gult þar sem byggðir verða öruggir stígar sem tryggja öryggi gesta að útsýnisstöðum. Með öruggum stígum er átt við stíga þar sem ekki er hætta er á hrun- eða fallhættu. Það getur t.d. falið í sér uppsetningu handriða, hálkuvarnir o.fl..

Sjá nánar stefnu um stígagerð og dvalarsvæði í kafla 6, umfjöllun um uppbyggingu mannvirkja í kafla 8 og skipulagskort af mannvirkjum.

Mynd 5.6 Skilgreining hættusvæða í Stuðlagili.



#### Græn svæði



Mannvirkjagerð er haldið í lágmarki. Þessi svæði eru tiltölulega hættulítill og gönguleiðir liggja gjarnan um slétt og aflíðandi landslag á leið til og frá Stuðlagili. Á dvalarsvæðum er gert ráð fyrir lágmarksbúnaði.

#### Gulraud svæði



Utan skipulagaðra gönguleiða. Ferðamenn þurfa að sýna aðgát og huga að eigin öryggi. Ferðamönnum er gert ljóst að þeir séu komnir út fyrir stígakerfið. Ekki gert ráð fyrir mannvirkjagerð á þessum svæðum.

#### Gul svæði



Nauðsynlegt að huga að mannvirkjagerð til að tryggja öryggi ferðamanna. Gönguleiðir liggja um svæði með hrun- og fallhættu.

#### Rauð svæði



Sérstaklega varhugaverð vegna hrun- og fallhættu. Aðgengi hindrað til að tryggja öryggi gesta. Almenn engin mannvirki á þessum svæðum nema þar sem útsýnispallar og tröppur eru. Þetta eru svæðin ofan á Kletttröngum og við gilbrúnirnar.

## 5.4 SKIPULAGSSKILMÁLAR ÖRYGGISMÁL

Eftirfarandi skilmálar gilda um öryggismál á skipulagssvæðinu.

5.4.1 Skipulag mannvirkja í Stuðlagili fer eftir leiðbeiningum sem settar eru fram í kafla 8 um mannvirki og sýndar á skipulagsuppraðtti á bls. 58-61 nema annað sé rökstutt í umsókn um framkvæmdaleyfi.

5.4.2 Uppbygging mannvirkja, form og efnisnotkun skal fara eftir hönnunarviðmiðum í kafla 8.





# 6 SAMGÖNGUR

## 6.1 MARKMIÐ

Skipulag samgangna er ætlað að tryggja öryggi gesta og ánægjulega dvöl. Sett er fram stefna um uppbyggingu vega, bílastæða, stígakerfis og dvalarsvæða fyrir ferðapjónustu.

## 6.2 FORSENDUR

Umferð um vegakerfið og gönguslóðum svæðisins hefur aukist samhliða fjölgun ferðamanna á svæðinu. Tveir teljarar voru settir upp við Stuðlagil á vegum Ferðamálastofu árið 2020. Annar vestan megin en hinn að austan. Talning sýnir að frá 1. júní til 30. september 2022 komu rúmlega 100 þúsund manns á svæðin, 60 þúsund að vestan og 42 þúsund að austan. Það ber þó að taka þessum tölum með fyrirvara og líklegt er að hluti gesta hafi farið á bæði svæðin í sömu heimsókn.

### 6.2.1 Vegasamgöngur

Jökuldalsvegur númer 923 liggur upp á efri Jökuldal frá Þjóðvegi 1. Vegurinn er flokkaður sem tengivegur og liggur að Aðalbóli í Hrafnkeldsdal framhjá Hákonarstöðum og Grund en héraðsvegir tengja Klaustursel og Grund við Jökuldalsveg. Gögn frá Vegagerðinni sýna aukningu umferðar um veginn úr því að vera 34 ökutæki að meðaltali á dag árið 2012 í 462 ökutæki 2020.

Þessi mikla aukning umferðar hefur haft íþyngjandi áhrif á núverandi búskap við Hákonarstaði 3 þar sem héraðsvegurinn liggur í gegnum mikilvægt beitarsvæði á vori og að hausti. Rekstrarleiðir eru í dag meðfram núverandi vegi til fjalls og sama leið nýtt til smölunar heim að hausti þar sem á annað

þúsund fjár hefur komið til réttar síðustu ár. Fyrir utan að vera heimreið þá er vegurinn aðal ferðaleið frá útihúsum og öðrum byggingum og mikilvæg aðkomuleið að ræktunarlöndum jarðarinnar.

**Jökuldalsvegur** er að mestu leiti malarvegur, um 6-6.5 metra breiður og með takmarkað burðarþol. Núverandi vegur liggur upp í um 330 m hæð yfir sjávarmáli með bröttum löngum brekkum og í talsverðum hliðarhalla með bröttum fláum neðan vegar og skeringum ofan vegar. Snjósöfnun á veg er því oft til vandræða á vetrum og hálsa á vegi í umræddum brekkum. Vegurinn verður því oft á tíðum erfiður og hættulegur yfirferðar á vetrum vegna hállu og snjóá. Ljóst er að vegurinn ber ekki stóruka bílaumferð ferðamanna að hinu vinsæla Stuðlagili. Erfitt er t.a.m. fyrir rútur að mæta öðrum bílum eða landbúnaðartækjum.

Vegagerðin vinnur nú að endurgerð Jökuldalsvegar og haustið 2022 lauk framkvæmdum á um 3.1 km löngum kafla frá Gilsá, inn fyrir bæjarstaðið á Arnórsstöðum og að Hnappá. Markmið framkvæmdanna var að auka umferðaröryggi og greiðfærni á Jökuldalsvegi með bundnu slitlagi. Nýr vegur liggur neðan í landinu, með minni bratta, 7 m breiður, með rýmri beygjum og í meira skjóli fyrir vetrarveðrum.

Vegagerðin hefur í umsögn sinni við skipulagslýsingu rammaskipulagsins óskað eftir að þeim möguleika verði haldið opnum að hluti Klausturselsvegur verði færður í samráði við landeigenda til að bæta umferðaröryggi.

### 6.2.2 Bílastæði

Bílastæði eru á þremur stöðum á svæðinu, Við Hákonarstaðarbrú, Stuðlafoss og Grund. Fyrirhugað er uppbygging við fjórða bílastæðið en það verður staðsett við Hákonarstaði.

#### Bílastæði við Hákonarstaðarbrú

Hér hefur Vegagerðin útbúið bílastæði sem er mikið notað af þeim sem heimsækja austurhlið Stuðlagils. Á svæðinu eru fræðslu- og upplýsingaskilti og bekkir.

#### Bílastæði við Stuðlafoss

Nýverið hófst uppbygging landeigenda Klaustursels á bílastæði við Stuðlafoss sem hefur töluvert verið nýtt síðustu tvö ár. Þar hefur verið komið fyrir salernisaðstöðu og sóluvagni með léttum veitingum.

#### Bílastæði við Grund

Bílastæði við Grund er vestan megin gils. Haustið 2022 var sett á það slitlag og stórt grjót við jaðrana til að tryggja öryggi gesta. Við bílastæðið eru upplýsingaskilti um Stuðlagil, sala á léttum veitingum yfir sumartíman, bekkjasvæði, salernishús, tjaldsvæði og önnur gístaðstaða.



Mynd 6.1 Hákonarstaðarbrú yfir Jöklu

## 6.2.3 Stígar

Stígar hafa verið skipulagðir í brekkunum fyrir neðan Grund og hafin er uppbygging stíga austan megin Stuðlagils. Að öðru leyti liggja gönguleiðir eftir gömlum vegum og slóðum en mikill fjöldi nýrra troðninga hefur myndast síðustu árin. Frá Hákonarstaðarbrú liggur göngustígur eftir vegslóða að bílastæðinu við Stuðlafoss og þaðan að Stuðlagili. Þaðan má svo halda áfram suður eftir og yfir Eyvindarárbrú. Skipulagið gerir ráð fyrir gönguleiðum upp Eyvindarárgil í Húsahvamm, þaðan niður að minjasvæðinu í Brattagerði og aftur að Stuðlagili. Þetta er nokkuð löng leið og í dag eru þar aðeins kindaslóðir, vegslóðir og vísir að vörðum sem ferðamenn þurfa að feta sig eftir.

Frá bílastæðinu við Grund liggja stígar og slóðir niður bratta hjalla að gilsbrúnunum. Þeir stígar hafa verið minna notaðir eftir að þar voru settar upp tröppur og útsýnispallur. Þá liggur gamli Þjóðvegurinn milli Grundar og Hákonarstaða en hann er víða illa farinn.

## 6.2.4 Dvalarsvæði

Lítið er um skipulögð dvalarsvæði. Þar er helst að nefna bílastæðin á skipulagssvæðinu og útsýnispallin við Grund. Önnur dvalarsvæði eru óformleg og hafa myndast í tengslum við athyglisverða staði og skilti og sjást gjarnan sem umrót á jarðvegsyfirborði.

## 6.2.5 Göngubrýr

Tvær brýr á svæðinu hafa verið nýttar af ferðamönnum til að komast yfir gil og ár: Gamla Hákonarstaðarbrúin er í dag nýtt sem göngubrú en einnig er brú yfir Eyvindarárgil nærri ármótum Jöklu. Brýrnar eru mikilvægar til að komast um fjölbreytt umhverfi svæðisins.



Mynd 6.2 Ferðamenn við Stuðlagil.



Mynd 6.3 Kindaslóðar í átt að Húsahvammi.



Mynd 6.4 Slóð frá Brattagerði að Stuðlagili.



### 6.3 STEFNA SKIPULAGSINS

Huga þarf að dreifingu ferðamanna og aðgengi þeirra að upplifunarsvæðum. Leiðarljós í þeirri stefnu er að stuðla að náttúruvernd, öryggi og upplifun gesta. Það er m.a. gert með vel uppbyggðum vegum, bílastæðum, stígum og dvalarsvæðum.

#### 6.3.1 Vegir

Skipulagið gerir ráð fyrir að afleggjari að bílastæðinu við Grund falli undir sama þjónustuflokk og Jökuldalsvegur. Stuðlafossvegur liggur frá Klausturselsbrú að bílastæðinu við Stuðlafoss. Skipulagið gerir ráð fyrir að hann verði flokkaður sem tengivegur líkt og Jökuldalsvegur.

Vegflokakerfi Vegerðarinnar segir að forsenda fyrir því að flokka veg sem tengiveg sé m.a. að þeir séu að minnsta kosti 2 km langir, liggja að fjölsóttum ferðamannastöðum utan þéttbýlis og séu mikilvægir fyrir ferðþjónustu. Samkvæmt því ætti Fossagerðisvegur að bílastæðinu við Stuðlafoss að falla undir þessa skilgreiningu en mikilvægt er að tenginging að bílastæði Grundar fari í sama þjónustuflokk t.d. varðandi vetrarþjónustu.

Við breytingu á vegaflokkun, mögulegri breikkun og auknum umferðarhraða við vegamót Hákonarstaða verður að tryggja að samhliða verði gerðar nauðsynlegar mótvægisáðgerðir sem lúti að því að tryggja óhefta umferð ábúenda, öryggi búfjár og vegfarenda. Lögð er áhersla á að Vegagerðin og Múlaþing vinni málið í fullri sátt við landeigendur og ábúendur til að tryggja að aukin umferð hamli ekki áframhaldandi búskap eða annarri landnotkun á jörðinni.

#### HÖNNUNARVIÐMIÐ

Ekki eru sett fram hönnunarviðmið fyrir vegi heldur vísað til almennra hönnunarviðmiða Vegagerðarinnar.

### 6.3.2 Bílastæði

Gert er ráð fyrir áframhaldandi uppbyggingu á núverandi bílastæðum við Grund og við Stuðlafoss auk þess sem nýtt bílastæði er fyrirhugað við Hákonarstaði. Með þessu er aðgengi að fjölbreyttri ferðþjónustu tryggt og gestum dreift um svæðið. Fjöldi stæða á bílastæðum er áætlaður í deiliskipulagi hvers svæðis en viðbúið er að sá fjöldi taki breytingum í samræmi við eftirspurn og fjölgun ferðamanna.

#### HÖNNUNARVIÐMIÐ

Áhersla er lögð á merkingar, skýrt umferðarflæði um bílastæðin og gott aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.

#### Algild hönnun

Hæðarmunur yfirborðsefna má ekki vera meiri en 2,5cm til að uppfylla viðmið um algilda hönnun. Gert er ráð fyrir að bílastæði hreyfihamlaðra séu upphækkuð í sömu hæð og gönguleðir. Að öðru leiti er vísað í leiðbeiningablað Mannvirkjastofnunar við byggingarreglugerð nr. 112/2002.

#### Aðbúnaður á bílastæðum

Við bílastæði þarf að gera ráð fyrir dvalarsvæðum og skjóli því algengt er að ferðamenn þurfi svæði til að klæðast útifötum og undirbúi sig fyrir heimsókn á staðinn. Gera þarf ráð fyrir rafhleðslustöðvum sé því viðkomið, hjólastæðum og upplýsingaskiltum.

#### Ásýnd bílastæða

Mikilvægt er að brjóta upp bílastæði með gróðri til að milda ásýndaráhrif bíla og mannvirkja tengdum ferðamannastöðunum nema sérstaklega sé unnið með byggingarlist sem ætlað er að vera kennileiti til að beina gestum að svæðinu.

### 6.3.3 Stígakerfi

Skipulagið skilgreinir uppbyggingu á heildstæðu stígakerfi með það að leiðarljósi að tryggja öryggi gesta og ánægjanlega dvöl á svæðinu. Stígakerfið er flokkað í aðalstíga, útivistarstíga og tengistíga. Hér á næstu síðum er fjallað um hönnunarviðmið hverrar tegundar en lega þeirra er sýnd á uppdraetti.

*Hjólreiðar eru heimilar á stígum ef það veldur ekki öðrum ferðamönnum hættu eða óþægindum og viðkomandi landeigandi hefur ekki sérstaklega lagt bann við því. Hjólreiðafólk þarf engu að síður að víkja fyrir gangandi vegfarendum og sýna þeim ýrtrustu varkárni.*

*Gert er ráð fyrir að hluti stíga geti verið nýttir yfir vetrartíman m.a. fyrir vetrarferðamennsku, gönguskíði og fleira.*

#### 6.3.4 Aðalstígar

Aðalstígar eru megin samgönguæðar stígakerfisins fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Þeir tengja saman ferðþjónustustaði og helstu áfangastaði. Frá þeim liggja tengi- og útivistarstígar. Stígarnir eru settir í forgang varðandi þjónustu. Það á m.a. við um vetrarþjónustu, lýsingu, uppbyggingu dvalarsvæða, uppsetningu fræðsluskilta og merkingar. Lögð er áhersla á algilda hönnun þar sem því er viðkomið.

#### HÖNNUNARVIÐMIÐ

Stíga skal fella að svipmóti umhverfis og fylgja landslagi með þeim hætti að leið þeirra sé rökrétt á milli staða og laus við óþarfa hæðarbreytingar. Vel uppbyggðir stígar endast lengi og kalla á lítið viðhald.

#### Skipulag

Leitast á við að leggja nýja stíga þar sem eldri vegir og slóðir eru. Þegar gömlum vegslóðum er breytt í nýja stíga er leitast við að mæta þeim hönnunarviðmiðum sem hér eru sett fram. Við nýframkvæmdir skal hins vegar fara eftir þessum hönnunarleiðbeiningum nema annað sé rökstutt sérstaklega.

#### Legga stíga

Þar sem því er viðkomið á að leggja stíga í stórum rálúsum eftir landinu en hafa þá hvorki óþarflega hlykkjóttá né þráðbeina. Ef stígar eru hlykkjóttir eða liggja með órökréttum hætti hefur fólk tilhneigingu til að stytta sér leið og mynda nýjar slóðir. Ef stígarnir eru of beinir þá getur verið óþægilegt að vera lengi að mæta fólki sem kemur úr gagnstæðri átt.

#### Breidd

Lágmarksbreidd aðalstíga er 1.4 metrar en hámarksbreidd þrjú metrar. Ekkert er því til fyrirstöðu að breidd stíga breytist innan sömu leiðar því það getur skapað eftirsóknaverða fjölbreyttni. Þegar breidd stíga er undir 2.5 metrum þarf að tryggja að kantar stígsins þoli akstur neyðarbíla.

#### Hæðarsetning

Á opnum svæðum er gott að láta stíga standa um 20cm upp úr landinu. Þannig næst betri afvötnun af stígnum og gera þarf ráð fyrir að landið muni hækka með tímanum í kringum stíginn.

#### Hliðarhalli og vatnsrásir

Miða skal við að hliðarhalli stíga sé um 2% niður að lægri hlið landslags til að tryggja afvötnun. Þar sem mikið ofanvatn er skal útbúa vatnsrás um 50-100 cm ofan við stíg. Miða skal við að vatnrásin sé um 30-40 cm djúp. Stundum getur einnig þurft að koma fyrir ræsi undir stíga til að taka við yfirborðsvatni.

#### Öryggissvæði við stíga

Frá köntum stígs skal vera 0,5 m frítt svæði þar sem ekki má staðsetja gróður, staura eða skilti eða önnur stígaögn.

#### Efniviður og uppbygging


Nýta skal malarefni í burðarlag eða yfirborð úr næsta nágrenni við framkvæmdastaði þar sem fullnægjandi efni fæst. Að öðrum kosti skal sækja efnið annað. Yfirborðsefni þarf að vera 10cm þykkt með kornastærð 0-16mm. Burðalag er 50cm þykkt nema komið sé niður á frostfrían burðarhæfan jarðveg ofar.

#### Frágangur eftir framkvæmdir

Sárum er lokað með sambærilegri gróðurþekju og er í umhverfi stígsins og kantar stígsins látnir mæta landslaginum með náttúrulegu svipmóti.

#### Umferð ökutækja um stíga


Uppbygging aðalstíga gerir ráð fyrir aðgengi neyðarbíla. Á aðalstígum er jafnframt heimilt að leyfa umferð léttra ökutækja vegna ferðþjónustu, til að aðstoða hreyfihamlaða og fyrir aðra þjónustu s.s. vegna umhirðu og viðhalds á búnaði og mannvirkjum.



Mynd 6.5 Lega aðalstíga í landslagi.



Mynd 6.6 Ræsi undir stíg, kennisnið.



Mynd 6.7 Aðalstígar - kennisnið



### 6.3.5 Útivistarstígar

Útivistarstígar liggja í lítt röskuðu landi og náttúrulegu umhverfi. Þessum stígum er ætlað að styðja við fjölbreytta útivistarmöguleika og auka aðgengi að náttúru svæðisins. Útivistarstígar geta verið fjölfarnar og vel uppbyggðar leiðir en oftast er um að ræða fáfarnar slóðir eða stíkaðar leiðir frá út frá aðalstígum. Þegar útivistarstígar eru stíkaðir þá skal forðast að beina ferðamönnum beint upp brattar brekkur því vatn getur runnið í rofsárum og valdið miklum skemmdum. Taka þarf mið af snjóalögum og vatnseig snemmsumars svo ekki myndist margar slóðir hlið við hlið í brekkum og lautum.

### 6.3.6 Tengistígar

Tengistígar eru öryggis- og upplifunarstígar staðsettir á svæðum þar sem nauðsynlegt er að sýna aðgát vegna fall- eða hrúnhættu. Tengistígar eru að mestu staðsettir við Stuðlagil nærri gilbrúnum og útsýnisstöðum. Uppbygging tengistíga felur í sér mannvirkja-gerð, s.s. tröppur, brýr, göngu- og útsýnispalla.

*Sjá nánar kafla 8 um mannvirki.*

### 6.3.7 Reiðstígar

Engar skipulagðar reiðleiðir eru innan skipulagssvæðisins og lítið um ríðandi umferð. Reiðstígar eru ekki hluti af þessu skipulagi en gert er ráð fyrir að þeir fylgi meginlínunum vega, vegaslóða og gamalla þjóðleiða. Ef reiðmennska eykst mikið innan svæðisins þá þarf að skipuleggja og byggja upp sérstaka reiðleiðir aðskildar frá annari umferð.

Umfjöllun um reiðleiðir í aðalskipulagi:

*Skemmtilegum reiðleiðum hefur fjölgað og liggja nokkrar þeirra úr byggð inn á hálendið. Meðal áhugaverðra möguleika eru hringleið um Fljótsdalsöræfi, hringleið suður með Jökulsá á Fjöllum, frá Möðrudal til byggða yfir Jökuldalsheiði.*

### 6.3.8 Dvalarsvæði

Skipulagið gerir ráð fyrir að dvalarsvæði verði staðsett við aðal- og útivistastíga. Dvalarsvæði hafa afar mikilvægu hlutverki að gegna í uppbyggingu ferðamannastaðarins því líklegra er að ferðamenn noti stígakerfið og staldri lengur við ef í boði eru áningastaðir þar sem hægt er að hvílast um stund og upplifa umhverfið í rólegheitum.

### HÖNNUNARVIÐMIÐ

#### Staðsetning

Þar sem minjar eru, áhugavert útsýni, stígamót, upphaf og endi gönguleiða eða í gróðursælu og skjólríku umhverfi. Einnig við langar brattar brekkur svo ferðalangar geti sest niður til að hvíla lúin bein. Fjarlægð milli dvalarsvæða miðast við um 500-1000 metra.

#### Búnaður og uppbygging

Lágmarksbúnaður er bekkur af einhverju tagit. Miðað er við einfaldan bekk úr náttúrulegum efnivið sem tengist umhverfi dvalarsvæðisins. Þetta geta verið óformleg sæti svo sem einföld járnfesting með áföstum timburborðum, stór timburdrumbur eða stakt holtagrjót svo eitthvað sé nefnt. Það er mikill kostur ef ferðamenn geta hallað bakinu aftur á fastan flöt þegar þeir setjast niður. Lautarbekkur er ákjósanlegur þar sem búast má við að fólk komi saman.

Ekki er gert ráð fyrir ruslabiðum / ruslatunnum á dvalarsvæðum þar sem þau hafa tilhneigingu til að yfirfyllast og safna rusli í kringum sig. Þar sem engin sala fer fram er ætlast til að ferðamenn skilji ekki eftir sig rusl.

Bekkir skulu öllu jafna snúa að stíg eða fallettu umhverfi og helst hvoru tveggja samtímis. Fyrir aftan bekk eða náttúrulegt sæti er mikill kostur að hafa gróður eða sjónræna hindrun til að veita öryggistilfinningu því þá er ekki hægt að koma aftan að þeim sem situr.



Mynd 6.8 Dvalarsvæði með bekk úr náttúrulegum efnivið.



Mynd 6.9 Lautarborð og skilti við dvalarsvæði.



Mynd 6.10 Dvalarsvæði - kennimynd



Mynd 6.11 Stígakerfi innan skipulagssvæðis.

### 6.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

#### AÐALSKIPULAG FLJÓTSDALSHÉRAÐS 2008-2028

Samgöngur

**Stefna.** Sveitarfélagið fylgist með uppbyggingu samgöngu- og fjarskiptakerfa og þeirri þjónustu sem íbúar, ekki síst í dreifbýli, njóta. Greiðar samgöngur og fjarskipti eru grundvallaratriði í nútíma þjóðfélagi og forsenda uppbyggingar og búsetu í dreifbýli.

**Framfylgd stefnu.** Sveitarstjórn vinnur stöðugt að endurbótum á samgöngum og fjarskiptum í samvinnu við landeigendur og samgönguyfirvöld

## 6.5 SKIPULAGSSKILMÁLAR SAMGÖNGUR

*Eftirfarandi skilmálar gilda um samgöngur á skipulagssvæðinu.*

6.5.1 Uppbygging aðalstíga skal fara eftir þeim hönnunarviðmiðum sem koma fram á bls. 35. Leiðbeinandi lega stíga er sýnd á skipulagsupprætti á bls. 61.

6.5.2 Uppbygging göngubrua milli jarða á skipulagssvæðinu er háð framkvæmdaleyfi og samþykkt hlutaðeigandi landeigenda.

6.5.3 Við hönnun nýrra samgöngumannvirkja og bílastæða skal fylgja viðurkenndum leiðbeiningum um algilda hönnun.

6.5.4 Við uppbyggingu bílastæða skal fylgja leiðbeiningum Mannvirkjastofnunar við gerð rafhleðslustæða.





# 7 SKILTI OG MERKINGAR

## 7.1 MARKMIÐ

Skilti og merkingar leiði fólk með skipulögðum hætti um ferðamannastaðinn og veitir fróðleik um sögu og náttúru viðkomandi svæðis. Sett eru upp varúðarskilti til að fyrirbyggja slys á fólki. Merkingar fylgja skiltakerfi sem tryggir samræmt útlit og efnisval á öllu svæðinu.

## 7.2 SKIPULAGSFORSENDUR

Skilti og merkingar hafa mörgum hlutverkum að gegna. Þau m.a. leiðbeina gestum um ferðamannasvæðið, beina athyglinni að áhuga-verðum stöðum, miðla fróðleik og vara við hættulegum aðstæðum.

### 7.2.1 Núverandi staða

Skilti og yfirlitskort hafa verið sett upp af Vegagerðinni í tengslum við vegi, gatnamót og bílastæði en við Hákonarstaðabrú hefur fræðsluskiltum um sögu brúarinnar verið komið fyrir.

Þá hefur landeigendafélagið Jökuldalur sf sett upp skilti við bílastæðið á Grund. Þar er vísir að yfirlitskortum, fræðslu og upplýsingar og öryggismál. Við Klaustursel hafa verið settir upp nokkrir vegpóstar á gönguleiðinni að Stuðlagili og umferðarmerkingar við bílastæði sem nú er í uppbyggingu.

Öll þessi skilti eru til mikilla bóta og miðla mikilvægum upplýsingum. Útlit þeirra er hins vegar mjög fjölbreytt og skortir þeim samræmt útlit og heildarstefnu um hvernig miðla skuli nauðsynlegum upplýsingum til gesta.

Mikilvægt er að skilti standist veður og tíma og séu þannig aðgengileg gestum allan ársins hring. Útlit og stærðir skilta eru

mismunandi eftir hlutverki en skiltin nýtast fyrir öryggismerkingar, umferðarstjórnun, leiðarlýsingar og almennan fróðleik um sögu og náttúru.

## 7.3 STEFNA SKIPULAGSINS

Á sama tíma og skilti þurfa að draga til sín athygli og miðla upplýsingum mega þau ekki skerða upplifun af náttúru svæðisins. Finna þarf gott jafnvægi milli þess að skiltin séu sýnileg gestum á viðkomandi stað og þess að þau falli vel inn í umhverfið.

### 7.3.1 Vegrún - samræmd skiltahönnun

Á skipulagssvæðinu munu skiltamerkingar fylgja samræmdu kerfi Vegrúnar sem hannað er til að falla að náttúru Íslands. Kerfið tryggir samræmt útlit og efnisval á öllu svæðinu og styrkir upplifun umhverfisins.

Merkinga- og leiðakerfið Vegrún er samstarfsverkefni helstu aðila sem koma að ferðaþjónustu á Íslandi. Kerfið samræmir leiðamerkingar og segir fyrir um stærðir og uppbyggingu. Þá sýnir Vegrún einnig hvernig koma á upplýsingum á framfæri með lettri, lit og myndum. Kerfinu er ætlað að gera áfangastaði aðlaðandi, ásamt því að veita nauðsynlegar upplýsingar og hjálpa ferðafólki að rata. Skiltin eru hönnuð þannig þau þoli vel ágang veðurs og vinda.

### 7.3.2 Öryggisskilti

Skipulagið gerir ráð fyrir að stígar liggi með rökréttum og þægilegum leiðum milli áfangastaða. Það minnkar nauðsyn þess að koma fyrir öryggis- og varúðarskiltum þar sem ólíklegra er að gestir fari út af skipulögðum leiðum.

Á upplýsingaskiltum við bílastæði verður almennur texti um öryggismál svæðisins og hvað ber helst að varast. Þess fyrir utan er gert ráð fyrir litlum öryggisskiltum á nokkrum stöðum við Stuðlagil. Skiltin verða staðsett þar sem gengið er frá aðalstíg niður í gilið og þar varað við hrun- og fallhættu. Gestir eru einnig minntir á að gæta eign öryggis þegar gengið er út fyrir skipulagðar gönguleiðir, líkt og niðri í árgilinu.

Sett verða upp lítil skilti við Kerlingu og Eyjuna þar sem ferðalöngum verður ráðið frá því að fara upp á þessa staði enda mikil fallhætta.

Þar sem slóðir hafa myndast og nauðsynlegt er að loka fyrir aðgengi er gert ráð fyrir lágum einföldum slám þvert á slóðirnar með lettri sem segir gestum að viðkomandi leið sé lokað með tilvísun í umhverfisvernd. Þessar slár eru hugsaðar sem einföld mannvirki sem sjáist lítið úr fjarlægð.



Mynd 7.1 Ferðamenn í Stuðlagili.

### 7.3.3 Útlit skilta, efniviður og litir

Skilti á skipulagssvæðinu hafa samræmt útlit en eru misjöfn að stærð og gerð eftir hlutverkum. Eftirfarandi eru helstu staðlar fyrir skilti innan skipulagssvæðis:

Litir verða skv. stöðluðu litakerfi Vegrúnar. *Grágrýti* er valin fyrir bakgrunn allra almennra skilta. *Brennisteinn* og *Kvika* eru valin fyrir öryggisskiltin. *Mosi* er bakgrunnslitur á skilti þar sem aðgangur gesta er t.d. hindraður vegna uppgræðslu eða verndunar varpugla. Efniviður er ómeðhöndlað lerki og ryðfrítt stál. Letur og tákn verða skv. stöðlum Vegrúnar.

#### EFNIVÍÐUR

	Lerki, ómeðhöndlað, fær að hvítna
	Stoðir og rammi
	Ryðfrítt stál / ál
	Undirstöður og festingar

#### UPPSETNING DÆMI



Upplýsingaskilti  
Upplýsingatexti á íslensku og ensku  
Myndir og tákn



Varúðarskilti  
Upplýsingatexti á íslensku og ensku  
Myndir og tákn



Mikil hætta  
Upplýsingatexti á íslensku og ensku  
Myndir og tákn

Mynd 7.2 Staðlar fyrir skilti.

#### LITIR

	Grágrýti RAL 7016
	Brennisteinn RAL 1023
	Kvika RAL 2009
	Mosi RAL 6005



### 7.3.4 Tegundir og staðsetning skilta

Skilti á skipulagssvæðinu hafi samræmt útlit en verða misjöfn að stærð og gerð eftir hlutverkum. Leiðbeinandi staðsetningar skilta eru sýndar á skipulagsupprætti í kafla 9 en ákvarðast nánar í samráði við landeigendur.

Eftirfarandi eru helstu tegundir skilta fyrir skipulagssvæðið:



**Aðkomuskilti** *Velkomin í Stuðlagil*

Stór skilti bjóða gesti velkomna og vísa þeim á bílastæði ferðaþjónustuaðila. Tvö skilti verða staðsett við Jökuldalsveg, annað sunnan við Grund en hitt norðan við Hákonarstaði. Texti skiltanna verður einfaldur og er einkum hugsaður til þess að bjóða fólk velkomnið og vísa í réttar áttir.

Mynd 7.3 Tegundir skilta.



**Upplýsingaskilti** *Yfirlit og kort um um staðinn*

Við bílastæði ferðaþjónustuaðila verða a.m.k. tvö upplýsingaskilti. Annað veitir staðbundnar upplýsingar um viðkomandi ferðaþjónustustað en á hinu er yfirlitskort og staðlaðar upplýsingar fyrir allt svæðið. Gert er ráð fyrir upplýsingum á báðum hliðum kortanna.



**Fræðsluskilti** *Fræðsla um náttúru- og sögustaði*

Fræðsluskilti eru 1 m há með skáhallandi lesfleti sem vísar að gestum. Þetta er gert til að skiltin hafi síður áhrif á ásynd umhverfisins og þoli betur veðurfar. Skiltin eru staðsett við náttúruvætti og minjastaði.



**Öryggiskilti** *Gætið vel að eigin öryggi*

Gul viðvörðunarskilti vara gesti við hættulegum aðstæðum t.d. vegna fallhættu, hrunhættu og hálu yfirborði.

Rauð viðvörðunarskilti eru sett upp til að hindra aðgang og vara sérstaklega við mjög hættulegum svæðum.



**Vegvísar** *Þú ert hér*

Vegpóstar og vegvísar stýra umferð um svæðið og aðstoða ferðamenn við að rata á fyrirhugaða áfangastaði. Skiltin benda á staði eða leiðir.

Vegvísar eru við settir niður við upphaf leiða og við vegamót. Þá þarf að staðsetja þannig að þeir hafi sem minnst neikvæð áhrif á ásynd umhverfisins.



**Náttúruverndarskilti** *Vinsamlegast virðið náttúru*

Skiltum komið fyrir þar sem eru t.d. viðkvæm uppræðslusvæði eða þörf á að vernda varp fugla fyrir ágangi ferðamanna.



**Vegvitar / Stikur** *Þú ert á þessari leið*

Þar sem sem slóð er greinilega er mikilvægt að hafa stikurnar sömu megin til að hjálpa ferðamönnum að átta sig á umhverfinu. Leitast skal við að halda jafnri fjarlægð milli stika. Almenn regla er að í sæmilegu skyggni sjáist til tveggja stika í hvora átt. Þar sem vegslóðir eru mjög ógreinilegar er gert ráð fyrir tiltölulega háum vegvitum / stikum til að auka sýnileika. Í bröttum brekkum er gott að hafa stutt bil milli stika og láta leiðina liggja í beygjum og takmarka brattar beinar línur. Þegar landslag er tiltölulega slétt þarf að forðast beygjur milli stika því fólk hefur tilhneingingu til að ganga beint að næstu stiku eða gönguleiðin er ógreinileg.

### 7.3.6 Merkingar gönguleiða á skiltum

Merkingar gönguleiðar sjálfar með stikum (vegvitum), vegvísam, vörðum, leiðbeiningum yfir vöð eða öðrum auðkennum. Á merkingunum gætu komið t.d. númer á stiku, fjarlægðir eða nafn á gönguleið.

Yfirlitskort gönguleiða skal sýna á upplýsinga- eða fræðsluskiltum. Á þeim þarf að sýna almennar upplýsingar um svæðið við gönguleiðina, örnefni og kennileiti. Önnur atriði sem gott er að sýna á yfirlitskorti eru t.d. torfæru, hættusvæði, vegalengdir, mesta hækkun, mesta hæð yfir sjávarmáli, mannvirki, vegslóðar, girðingar, skurðir, landamerki, minjastaðir, sjaldgæfar jarðmyndanir, plöntur, drykkjarhæf vatnsból og fleira.

### 7.4 MARKMIÐ ÚR AÐALSKIPULAGI

Ekki er fjallað sérstaklega um skilti í Aðalskipulagi Fljótsdalshéraðs 2008-2028.

## 7.5 SKIPULAGSSKILMÁLAR SKILTI OG MERKINGAR

Eftirfarandi skilmálar gilda um skilti og merkingar á skipulagssvæðinu.

7.5.1 Hönnun skilta á ferðaþjónustusvæðinu fer eftir hönnunarviðmiðum í kafla 7.3.3 en fer að öðru leiti eftir stöðlum Vegrúnar.

7.5.2 Leiðbeinandi staðsetning og gerð skilta er sýnd á upprætti á bls. 54-55 og 61 og 10.3. Staðsetning skilta ákvarðast nánar í samráði við forráðamenn viðkomandi svæða.





# 8 MANNVIRKI

## 8.1 MARKMIÐ

Mannvirki tengd uppbyggingu ferðapjónustu falli vel að ásýnd og yfirbragði svæðisins og séu aðlöguð að landslagi. Sett eru fram hönnunarviðmið til að samræma efnisval og útlit mannvirkja.

## 8.2 FORSENDUR

Lítið er um mannvirki í og við Stuðlagil. Ferðamenn þurfa því að gæta vel að sér enda leynast hættusvæðin víða. Þó hefur verið unnið töluvert að stígagerð síðustu árin beggja vegna gils. Komnar eru tröppur við Grund sem liggja niður í árgilið að útsýnispalli. Þar og við á landi Klaustursels hafa einnig verið sett upp skilti og smærri mannvirki til að stýra umferð gesta.

Ekki er til staðar samræmd stefna í mannvirkjagerð innan skipulagssvæðisins og því mikil hætta að með tímanum muni uppbygging mannvirkja úr ólíkum efnivið og formum gera svæðið sundurleitt. Það getur valdið sjónmengun á óspillta náttúruna og skert upplifun gesta og um leið hagsmuni allra hlutaðeigandi aðila.

*Varðandi aðrar forsendur og núverandi ástand ferðamannastaðarins er vísað í aðra þemaköfla.*

## 8.3 STEFNA SKIPULAGSINS

Almennt má segja að því færri mannvirki sem sett eru upp innan skipulagssvæðisins því betra fyrir óspillta náttúruupplifun gesta. Aðstæður í Stuðlagili eru þó með þeim hætti að víða eru hættulegir staðir og gróður og land er undir miklu álagi vegna fjölda ferðmanna. Það

er því nauðsynlegt að skipuleggja uppbyggingu innviða, stíga, palla og annarra mannvirkja og lágmarka þannig neikvæð áhrif á umhverfið en um leið hámarka öruggt aðgengi gesta að náttúrufergurð svæðisins.

### 8.3.1 Uppbygging mannvirkja

Leitast verður við að mannvirki myndi sterka tengingu við umhverfi sitt og verði þannig með tímanum hluti af sannfærandi heildarmynd Stuðlagils. Áberandi mannvirki, með tilliti til forma, efniviðar og lita, geta haft neikvæð áhrif á náttúruupplifun og það sama á við um mannvirki sem eru of lágstemmd og einföld vegna þess að hluti mannvirkjana verður ávalt sýnilegur. Leitast er við að finna jafnvægi milli þessara þátta þannig að gott samband mannvirkja og landslags skapi heildsteypta ásýnd þar sem hvort upphefur annað, þó svo að náttúrulegt umhverfi hafi alltaf yfirhöndina.

### Heildarsýn

Í hönnun er mikilvægt að setja fram og fylgja heildarsýn um form og efnivið. Þannig stuðlar hver og ein uppbygging að samræmdri ásýnd svæðisins jafnvel þó mannvirkjagerð geti varað í mörg ár eða áratugi. Með því að fylgja stefnu um heildarsýn lenda einstök mannvirki ekki í samkeppni eða mótsögn við hvert annað.

Heildarsýnin auðveldar uppbyggingu svæðisins til lengri tíma og gefur hönnuðum frelsi innan ákveðins ramma til að vinna eftir.

## 8.4 HÖNNUNARVIÐMIÐ

Í Svæðisskipulagi Austurlands 2022-2044 er lagt til að unnar verði leiðbeiningar fyrir hönnun áfangastaða í landshlutanum til að stuðla að góðum gæðum og öryggi. Hér eru sett fram hönnunarviðmið til að fara eftir þegar unnið er að mannvirkjagerð innan skipulagssvæðisins. Hönnunarviðmið eru byggðar á tillögu hönnuða um notagildi, fagurfræði og gæði mannvirkja og jafnframt byggja þær á öryggisúttekt Eflu sumarið 2021, landslagsgreiningu og vettvangsferðum.

Leiðarljós í hönnunarviðmiðum fyrir mannvirki í Stuðlagili er að ásýnd þeirra verði haldið í lágmarki og að efniviður krefjist lítills viðhalds og hafi langan endingartíma. Ásýnd er haldið í lágmarki m.a. með því að hafa handrið létt en örugg, fela undirstöður mannvirkja eins og aðstæður leyfa, velja efnivið sem fellur vel að umhverfinu og hefur jafnframt langan líftíma. Úr fjarlægð eiga mannvirkin að hverfa eins og hægt er inn í landslagið en í nálægð sé útlit þeirra aðlaðandi, notkun þeirra þægileg og veiti gestum öryggi.



Mynd 8.1 Samræmd hönnun mannvirkja styrkir heildarsýnd svæðisins.

## Notagildi, fagurfræði og gæði

Vönduð mannvirkjagerð byggir m.a. á því að skapa form í umhverfinu með hliðsjón af heildarásýnd þar sem saman fara notagildi, fagurfræði og gæði. Nauðsynlegt er að tvinna þessa þrjá þætti saman til að byggja upp mannvirki sem stuðla að góðri upplifun þeirra sem heimsækja Stuðlagil.

Hönnun mannvirkja á rammaskipulagssvæðinu byggir einnig á náttúrulegri ásýnd umhverfisins og staðaranda. Með staðaranda er átt við þá upplifun og tilfinningu sem hægt er skynja með heimsókna og dvöl í gílinu. Staðaranda má einnig greina á þeim myndum sem gestir leitast við að ná af umhverfinu.

Í Menningarstefnu í mannvirkjagerð segir meðal annars: „Byggingarlist snýst í eðli sínu um að finna hagnýtar lausnir undir formerkjum fagurfræði og tækni sem unnt er að njóta um langan aldur“.

## Aðgengi fyrir alla


Sérstaklega skal hugað að aðgengismálum, þar sem því er viðkomandi, þannig að ferðamenn hafi greiðan aðgang að sem flestum stöðum innan svæðisins.



Mynd 8.2 Fjölbreytt form stuðlanna.



Mynd 8.3 Mosi við uppsprettur í Stuðlagili.



Mynd 8.4 Náttúran í Stuðlagili.



Hér eru sett fram þau meginatriði hönnunar sem eiga við um öll mannvirki í gílinu.

#### 8.4.1 Form

Lagt er til að mannvirki reyni ekki að líkja eftir náttúru svæðisins heldur hafi önnur form og skapi þannig jafnvægi sín á milli en ekki samkeppni um athygli.

Stuðlarnir eru áberandi form í gílinu. Bergið myndast þegar storkuberg kólnar og dregst saman í stuðla. Þessir stuðlar eru oft lóðréttir þó einnig megi sjá bogadregnar línur og rósettur í stuðlamynduninni. Stuðlarnir eru oftast sextrendir með skarpar útlínur.

Mikilvægt er að mannvirkin hafi önnur form og ekki skarpar útlínur líkt og stuðlabergið. Því er lagt til að bogadregin form verði einkennandi þáttur mannvirkjanna.

Það grunnform sem skapar bæði mótvægi við skarpar línur stuðlabergsins og bíður upp á spennandi útfærslur í mannvirkjahönnun er sporöskjulaga form. Hringform hefur þá ókosti hér að það myndar sterkt grunnform og miðjussvæði þess er t.d. óhentugt til fá sem mesta nýtingu út úr skipulagi útsýnispalla. Sporaskjan myndar hinsvegar tiltölulegar langar hliðar sem nýtast vel sem áhorfendaskvæði.

*Mannvirki skapa jafnvægi og sterka heildarásýnd með náttúrulegu umhverfi svæðisins.*



**Mynd 8.5** Sporöskjulaga formið skapar mótvægi við skarpar línur stuðlabergsins og bíður upp á spennandi hönnunarútfærslur sem falla vel að landslagi svæðisins.



**Mynd 8.6** Formið er hægt að nota sem útlínur grunnflata sem og prófíla. Hér er dæmi um ásýnd á óstaðsetta brú yfir vatnafarvegi og gil.



**Mynd 8.7** Dæmi um skipulag útsýnispalls með sporöskjulaga grunnformi. Sporaskjan bíður upp á langar hliðar til að njóta útsýnis og hentuga stærð á göngu- og bekkjarsvæði.

#### 8.4.2 Efniviður

Lagt er til að notast verði við efnivið sem hefur langan líftíma og fellur vel að umhverfi Stuðlagils. Eftirtalin efniviður er valinn sem byggingarefni mannvirkja:

**Lerki:** Þar sem timbur er í mannvirkjum, s.s. í handlistum, póstum, skiltum, bekkjum, er notað ófúavarið lerki.

*Viðhald og endingartími*

Því fylgja margir kostir að þurfa ekki að fúaverja timbrið þar sem töluverðar umræður hafa síðustu árin skapast um hugsanlega skaðsemi fúavarvarnaefna á náttúru og fólki. Endingartíma óvarins lerki er talin vera um 50-100 ár. Lerki hefur gott þol til þess að taka við raka og fúa. Það gránar með tímanum og verður ljósgrátt sem fellur vel við annan efnivið sem stefnt er að því að nota.

**Ryðfrítt stál:** Lagt er til að nota ryðfrítt stál í handrið, tröppur, festingar og fleira. Ryðfrítt stál fellur vel við litina í umhverfi gilsins. Ryðfrítt stál bíður upp á mikinn styrkleika en léttu ásýnd. Það fellur vel inn í klettaveggi og tekur til sín ögn af litum umhverfisins.

*Viðhald og endingartími*

Ryðfrítt stál hefur langan endingartíma. Það er auðvelt í viðhaldi og auðvelt að laga einstaka hluta sem verða fyrir skemmdum.

**Malarefni:** Gert er ráð fyrir malarefnum m.a. í yfirborð stíga og dvalarsvæða. Þar sem hægt er skal reyna að nýta malarefni í næsta nágrenni í burðarlag og yfirborðsefni. Yfirborðsefni þarf að vera 10cm þykkt og hafa kornastærð 0-16mm.

**Möskvagrindur:** Þar sem gönguleiðir eru uppbyggðar með föstu yfirborð getur farið vel að nota grindur til að lágmarka snjósöfnun og hálfu. Notaðar eru grindur með stórum möskvum t.d. 32x32cm úr ryðfríu stáli eða steypnar plastgrindur með steindu yfirborði til að hámarka grip. Plastgrindurnar eru gráar og falla vel saman við annan efnivið mannvirkja.

*Viðhald og endingartími*

Plastgrindurnar hafa undanfarin ár sannað sig víða á Íslandi við erfið veðurfarskilyrði og töluverða snjó- og hálkumyndun. Sjá umfjöllun um ryðfrítt stál í umfjölluninni í kafla 8.4.2..

**Steinsteypa:** Gert er ráð fyrir að undirstöður og úthringur stakstæðra útsýnispalla verði steypur. Steypa gefur mikla möguleika á að forma og móta mannvirkin eins og óskað er og skapar tilfinningu um varanleika og tengingu við landið með öðrum hætti en mörg önnur byggingarefni.

*Viðhald og endingartími*

Steyptar stéttar og plötur hafa sýnt fram á mikinn styrk og langan lífaldur sé vandað til verka í upphafi enda er steinsteypa algengasta byggingarefni hérlendis.

*Lerki, ryðfrítt stál og steypnar plastgrindur er tiltölulega dýr efniviður en kostnaðurinn skilar sér til baka með minna viðhaldi, lengri endingartíma og útlitsgæðum í stórbrotinni náttúru Stuðlagils.*

#### 8.4.3 Samspil efniviðar og notkun

Efniviður mannvirkja er notaður í tengslum við hlutverk hvers hluta mannvirkis. Þar sem gengið er á milli svæða er aðalega notuð unnin mól í yfirborð stíga. Hún þarf að uppfylla gæðastaðla sem gerðir eru fyrir göngustíga. Einnig er gert ráð fyrir að nota möskvagrindur og steypnar plötur á yfirborð gönguleiða og útsýnispalla.



Mannvirki geta verið þreytandi fyrir augu og fætur þar sem eingöngu eru notaðir einn efniviður. Því er sett fram sú stefna að allstaðar þar sem fólk staðnæmist til að njóta útsýnis eða hvílast verði leitast við að nota annað yfirborðsefni en á gönguleiðir, svo sem steypa fleti eða lerki. Það gerir mannvirkið meira aðlaðandi, þægilegra, og gefur gestum til kynna hver notkun hvers svæðis er.

Handrið meðfram tröppum og stígum eru einföld, létt og úr ryðfríu stáli til að gera þau nærri ógreinanleg úr fjarska. Við dvalarsvæði og útsýnispalla er hafður handlisti úr lerki til að bjóða upp á hlýlegra grip þegar staldrað er við og stutt sig við handriðin.

#### 8.4.4 Litir

Grænn litur gróðursins, grár litur bergsins og blágrænn litur Jöklu er einkennandi fyrir svæðið þegar það er sem eftirsóttast til myndatöku. Mannvirki gilsins munu hafa ljósa og náttúrulega liti efniviðarins, sem hér hefur verið fjallað um, og falla vel við umhverfi Stuðlagils.

Litir á skiltum og merkingum verða notaðir úr samræmdu litakerfi Vegrúnar sem þykja falla best að svæðinu og öðrum mannvirkjum, sjá nánar kafla 7 um skilti og merkingar.



**Mynd 8.8** Efnisval og litapalletta fyrir mannvirki á skipulagssvæðinu.



### 8.4.5 Tengistígur


Markmið með tengistígum er að leiða ferðamenn eftir öruggum gönguleiðum og um leið að takmarka fjölda þeirra slóða sem myndast í bröttu landslagi og stuðla þannig jafnframt að verndun gróðurþekju og jarðvegs.

Hjallarnir fyrir neðan Grund er sá staður sem helst er þörf á tengistígum. Þær brekkur eru skilgreindar sem skógræktarsvæði og þar er komin vísir að skógi. Trjágróðurinn mun með tímanum stuðla að meiri öryggi varðandi fallhættu og hjálpa til við að fela mannvirkin frá útsýnissvæðum austan megin Stuðlagils.

Hönnun tengistíga miðar að því að auðvelt sé að aðlaga pósta og handlista að fjölbreyttu landslagi. Lengd hvernar einingar er um 1,9 metrar en póstarnir eru í 1 m hæð. Prófill neðst á póstum heldur við jarðveg en póstarnir eru festir niður með jarðvegsskrúfum eða öðrum sambærilegum hætti. Lerki er póstum og handlista en ryðfrítt stál í festingum.




Mynd 8.8 Skýringarmyndir af uppbyggingu tengistíga.



### 8.4.6 Öryggisgrindur

Grindunum er bæði ætlað að veita ferðamönnum öryggiskennnd og hindra að slóðir að útsýnisstöðum myndist fyrir neðan tengistíga. Þær verða staðsettar fyrir neðan hættulegustu gönguleiðirnar í hjöllunum neðan Grundar en einnig kemur til greina að staðsetja þær á fleiri stöðum eins og á varasómustu stöðunum við Eyvindarárgil. Grindurnar skal staðsetja meðfram og neðan við tengistíga. Öryggisgrindur skulu vera úr ryðfríu stáli og mynda bogadregið form sem fellur vel að landslaginu. Hæð er frá 60-110cm.



Mynd 8.9 Öryggisgrindur, bogadregið form.




Mynd 8.10 Öryggisgrindur neðan tengistíga.


### 8.4.7 Göngubrýr og affreying

Skipulagið útilokar ekki að settar verði upp göngubrýr og/eða zipplínur í hvarfi frá upplifunarsvæði Stuðlagils með þeim fyrirvara að hlutaðeigandi landeigendur séu sammála um hvernig þessum málum skuli háttað. Göngubrýr á skipulagssvæðinu eru háðar framkvæmdaleyfi og samþykkt hlutaðeigandi landeigenda. Í samvinnu við landeigendur í Klausturseli mætti skoða möguleika á því að byggja upp brú við eða neðan við Stuðlafoss til þess fallinn að skapa táknræna aðkomu að ferðamannasvæðinu, upplifun og ljósmyndataekifæri. Útlit og efnisval í samræmi við hönnunarviðmið fyrir mannvirki á svæðinu.

Gert er ráð fyrir göngubrúum á þeim stöðum við Stuðlagil þar sem stígar fara yfir læki og lítill gil. Þær eru þó einkum hugsaðar sem hluti tengistíga. Brýrnar eru um 5-7 metra langar eftir aðstæðum á hverjum stað og 1.4 m á breidd. Brúarstólpar eru steiptir, brúargólf úr timbri, ryðfrítt stál í handriðum og lerki í handlistum.




Mynd 8.12 Kennisnið - göngubrýr yfir læki og lítill gil, nánar útfært á einstökum svæðum með verkefnikngum.



Mynd 8.13 Kennisnið - hugmynd að grunnformi brúar yfir stærri vatnsfarvegi ef ráðist er í slíkar framkvæmdir.

### 8.4.8 Aðstöðuhús

Á skipulagssvæðinu gæti komið upp sú ósk í framtíðinni að koma upp aðstöðu fyrir landvörð og / eða salerni fyrir gesti. Slíkt hús myndi hugsanlega bæta aðstöðu á svæðinu þar sem langt er í næstu salerni. Mikilvægt er að sú byggingin hafi ekki neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins og sé staðsett í landi þannig að hún sé í hvarfi frá upplifunarsvæðum með jarðvegsmön. Að öðru leyti gilda viðeigandi lög og reglugerðir um byggingar á svæðinu.



Mynd 8.13 Dæmi um grunnmynd aðstöðuhúss.



Mynd 8.15 Byggingin skal vera falin í landslagi.



### 8.4.9 Tröppur

Skipulagið gerir ráð fyrir nokkrum tröppum á svæðinu. Það er aðalega á þeim stöðum þar sem farið er niður af gilbrúnunum ofan í árgilið. Tröppurnar eru nauðsynlegar því landslagið býður ekki upp á aðrar lausnir til að brúa þann hæðarmun. Margir eiga erfitt með að ganga í tröppum og því er reynt að nota þær eins sparlega og hægt er.

Gert er ráð fyrir tröppum niður að útsýnissvæðinu við Kerlingu og niður að Eyjunni. Þessi tvö tröppustæði eru bæði austan megin gils. Vestan megin er einnig gert ráð fyrir einum stað til að komast ofan í gilið en þá eru ótaldir nokkrir staðir til viðbótar þar sem nauðsynlegt getur verið að setja nokkrar tröppur. Staðsetning trappna er byggð á öryggistúttekt Eflu sumarið 2021.

Lögð er áhersla á að tröppurnar fylgi sem best landslagi og því þarf að sérhanna mannvirkin fyrir hvert svæði. Handlistar, og eftir atvikum handrið, verða með báðum hliðum trappna og þær munu uppfylla allar almennar öryggiskröfur sem gerðar eru til þessara mannvirkja svo að öryggi gesta sé tryggt.

*Markmið hönnunar á svæðinu er að mannvirkin falli sem best að umhverfi sínu og valdi ekki sjónmengun frá öðrum vinsælum útssýnisstöðum.*

#### Breidd

Þar sem náttúrlegar aðstæður eru afar ólíkar milli svæða getur þurft að aðlaga breidd á tröppum sérstaklega að viðkomandi stað. Ekkert er því til fyrirstöðu breidd þeirra sé breytileg ef það hjálpar til við að fella mannvirkið að berginu. Breidd er að jafnaði 1,2 til 1,4 m.

#### Uppstig og innstig

Uppstig er ávalt 15 cm og breytist ekki þó að landslagið sé fjölbreytt. Innstig er að jafnaði 31 cm en getur verið örlítið misjafnt þar sem tröppur eru bogadregnar.

#### Hæðarsetning

Tröppurnar byrja að jafnaði frá gilbrúnunum og enda niðri í árgilinu ofan við þá hámarkshæð sem Jökla nær svo ekki verði skemmdir á mannvirkinu sökum flóða eða ískraps. Tröppurnar verða þó byggðar upp með þeim hætti að neðsta eining þeirra er laus frá efri einingum ef svo illa vill til að Jökla fari yfir venjubundna hámarkshæð sína. Þá verða ekki allar tröppurnar fyrir skemmdum þó að neðstu þrepin lendi í hnjaski. Tröppurnar enda á litlum steiptum palli sem felldur er inn í landið svo að umhverfisáhrif mannvirkisins verði sem minnst.

#### Efniviður


Tröppurnar verða byggðar að mestu úr ryðfríu stáli en möskvagrindur eru í þrepunum til að lágmarka snjó og hálkumyndun.



Mynd 8.15 Bogadregið form trappna.



Mynd 8.16 Uppstig og innstig.



Mynd 8.17 Neðstu þrepin lenda á steiptum palli með sömu sporöskju grunnformi og útsýnispallar.

### 8.4.10 Útsýnispallar

Sömu hönnunarreglur gilda um hönnun og smíði útsýnispalla sem um önnur mannvirki. Staðsetning þeirra er valin þar sem eftirsóttir útsýnisstaðir eru og jafnframt byggðar á öryggistúttekt Eflu sumarið 2021.

Útlínur útsýnispalla eru sporöskjulaga. Það hámarkar útsýnishlið pallana en skapar jafnframt hæfilega stórt göngusvæði og dvalarsvæði þar sem hægt er að setjast niður.

Skipulagstillagan gerir einnig ráð fyrir að byggðir verði hvíldar- og útsýnispallar við núverandi tröppur og útsýnispall Grundarmegin en þar gæti hlutfall möskvagrinda verið hærra til að mæta núverandi palli sem er eingöngu smíðaður úr stáli. Skipulagið gerir ráð fyrir að núverandi stigi verði uppfærður og sama grunnform sporöskjunnar verði notað þar til að tengja saman útlit allra mannvirkja í Stuðlagili.

Pallarnir eru um 12 metra langir og 5 metra breiðir en þær stærðir eru breytilegar eftir landslagi og vinsældum viðkomandi staðar.

Steypan í úthringnum er rúnuð og handrið eru í breytilegri hæð frá 90cm þar sem lítil fallhætta er en fer upp í 110cm þar sem brún palls liggur næst gilinu. Handrið eru fest undir steiptu plötuna.



Mynd 8.18 Inngangur á útsýnispall.



Mynd 8.19 Bakhlið útsýnispalls.



Mynd 8.20 Framhlið útsýnispalls, áhorfendasvæði. Nánar útfært á einstökum svæðum með verkeikningum.



### Handrið

Handrið eru úr ryðfríu stáli með handlista úr lerki. Handrið er byggt um með 12mm pílum með 89mm bili frá miðju til miðju. Hæð á handriði hækkar frá 90cm til 110cm. Um 1m er milli stoða sem er úr flatstáli og ofan á handrið er einnig flatstál þar sem handlistinn er festur ofan á. Fræst er neðan úr handlistanum þannig að hann fellur yfir flatstálið og því sést það ekki. Með þessum hætti er byggt upp traust og öruggt handrið sem gefur útsýnispallinum lágmarks sýnileika.

### Yfirborðsefni


Efniviður eru steinsteypa, möskvagrindur, ryðfrítt stál og lerki. Útfærslur pallana geta verið ólíkar bæði varðandi stærð og efnivið en sporöskju grunnformið heldur þó alltaf hlutföllum sínum

Hálkuvörn á þeim pöllum sem yrðu alveg steptir yrði með þeim hætti að yfirborð steypunnar yrði kústað til að fá grófa áferð. Steptir pallar eru víða notaðir með góðum árangri á mörgum ferðamannastöðum.


Gert er ráð fyrir að pallarnir geti einnig verið byggðir með möskvagrindum þannig að göngusvæði verði að mestu leiti grindur en útsýnissvæðin, umgjörð og sökkull stept. Með þeim hætti verða hálkuvarnir meiri og minni snjór safnast saman á pallana.

### Undirstöður

Steptur sökkull er undir pöllum til að mynda trausta tengingu við yfirborðið en sökkullinn er að mestu falin í landslagi og gróðri því gert er ráð fyrir að pallarnir standi rétt ofan á yfirborðinu til að minnka sýnileika þeirra.



Mynd 8.21 Skýringarmynd - handrið.



Mynd 8.22 Skýringarmyndir af steptum útsýnispalli.



Mynd 8.23 Skýringarmyndir af palli með möskvagrindum.

### Fordæmi

Á efri myndinni hér fyrir neðan sést hvernig handrið af þessari tegund hverfur nánast inn í umhverfið þegar staðið er í nokkurri fjarlægð. Þessi handrið stuðla einnig að því að snjósöfnun verður lítil upp við útsýnispallinn. Á myndinni neðst til hægri sést hvernig sami pallur, sem er við Dettifoss, lítur út þegar ísing og snjór hefur sest á hann. Aðstæðurnar við Dettifoss eru þó með öðrum hætti en við Stuðlagil því ísingin kemur aðalega frá vatnsúðanum frá fossinum. Meginhluta ársins eru þessir pallar nokkuð lausir við snjó og sjaldgæft er að þeir fari alveg í kaf. Algengara er að snjór safnist fyrir hér og þar við pallana en göngusvæðin eru yfirleitt að mestu fær þó að mikill snjór safnist í giljum og lautum.

Pallarnir við Stuðlagil yrðu smíðaðir með sambærilegum hönnunarviðmiðum bæði hvað varðar yfirborðsefni við útsýnishlið pallana og grindarefni á göngusvæðum en efniviður og grunnformin eru önnur.



Mynd 8.24 Ásýnd handriða við Dettifoss.

### 8.4.11 Tjaldsvæði

Á tjaldsvæðum er gert ráð fyrir tjöldum, vögnum og húsbílum. Þau liggja við bílastæði og þjónustuhús. Tjaldgestir skulu hafa aðgang að salernum, vöskum og sorpflokkun. Koma skal upp aðstöðu fyrir ferðamanna til að hreinsa og tæma ferðasalerni. Gert er ráð fyrir að trjágróður verði á jöðrum tjaldsvæða og innan þeirra til að mynda skjól fyrir gesti, afmarka svæði og minnka ásýnd mannvirkja.

### 8.4.12 Þjónustuhús og byggingar

Gert er ráð fyrir að byggingar stuðli að skjólgóðu og aðlaðandi rými fyrir gesti á svæðinu. Þær skulu falla vel að umhverfi sínu og taka mið af umhverfisvænum lausnum.

Samræma skal lita- og efnisval í öllu yfirbragði þjónustusvæða. Leiðbeinandi litaval eru jarðlitir sem falla vel að umhverfinu og draga sem mest úr sýnilegum áhrifum í landslagi. Ekki eru settar fram sérstakar kvaðir um efnisval húsa umfram það sem reglugerðir um byggingar og brunamál kveða á um.

Vanda skal frágang í kringum allar byggingar. Byggingar og mannvirki skulu taka mið af byggingarreglugerðum og eldvörnum svo kröfum um fyllsta öryggi verði fullnægt. Að öðru leiti gildir eftirfarandi stefna Aðalskipulags Fljótsdalshéraðs 2008-2018 um byggð og framfylgd þeirra stefnu eins og hún er sett fram.

*Skipulag landnotkunar og byggingarframkvæmdir grundvallast á því að valda sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, m.a. sé tillit tekið til fjölbreytileika lífríkis. Lögð verði áhersla á umhverfisvænar lausnir í hönnun mannvirkja og að þau falli sem best að svipmóti landslags og náttúru sem fyrir er.*

*Við efnistöku á byggingarsvæðum og frágang þeirra skulu umhverfisleg sjónarmið höfð að leiðarljósi og þess gætt að jarðvegsefni séu nýtt sem næst efnistöku. Í deiliskipulagsskilmálum skal sérstaklega gera grein fyrir hvernig byggð fellur að bæði menningar- og náttúrulegu landslagi.*

### 8.4.13 Útilýsing

Útilýsing getur lengt notkunartíma ferðamannastöðarinnar sérstaklega síðsumars þegar dimma tekur á kvöldin og skuggar frá Grundarbrekkunum leggjast yfir gilið. Hógvær lýsing í Stuðlagili getur lengt ferðamannatímamann og aukið upplifun gesta þegar snjálög eru lítil en kvöld- og vetrarmyrkrið er gengið í garð. Lýsing skal fyrst og fremst beinast að aðkomu að bílastæðum og meðfram stígum. Ákjósanlegt væri einnig að setja upp ratlýsingu við tröppur, palla, skilti og jafnvel náttúruvætti til að auka upplifun og öryggi gesta og aðgengi að upplýsingum.

Mikil tækifæri eru fyrir upplifunarhönnun með lýsingu í Stuðlagili þar sem til dæmis stuðlar eru upplýstir í kringum ákveðna viðburði. Hafa þarf náttúruvernd og staðaranda svæðis í fyrirrúmi við lýsingarhönnun á svæðinu. Lampabúnaður þarf að vera lágstemmdur og falla vel að umhverfinu. Gæta skal þess að valda ekki glýju og að búnaður skapi hættu. Æskilegt er að skynjarar stýri því að einungis verði ljós meðan fólk er á svæðinu. Jafnframt þarf að gæta þess að ratlýsing valdi ekki ljósmengun og lýsi einungis leiðina sjálfa en ekki umhverfið.



### 8.5 STAÐSETNING MANNVIRKJA


Hér á næstu síðum er gerð grein fyrir staðsetningu mannvirkja á upplifunarsvæði Stuðlagils.

#### 8.5.1 Samfélagsmiðlakönnun

Í skýrslunni *Stuðlagil - áfangastaður í mótun* er ýmsum rannsóknaraðferðum beitt til að lýsa umferð ferðamanna í giliinu. Einn af þáttum rannsóknarinnar var að greina myndir sem gestir birtu á vefnum Instagram, sem er vettvangur fólks til að deila myndum og myndskleiðum. Fyrsta myndin sem merkt var Stuðlagili var sett inn í október 2016. Í byrjun júní 2019 var búið að merkja 146 myndir giliinu en í lok ágúst mánaðar sama ár höfðu 881 myndir verið merktar á þeim síðum sem ákveðið var að skoða. Þá kom einnig í ljós að ákveðnir staðir í giliinu voru mun vinsælli en aðrir.

Þessi greining var endurtekin af Teiknistofu Norðurlands þann 31. júlí 2022 og kom í ljós að búið var að merkja um 15 þúsund myndir undir sömu myllumerkjum og sömu staðir gilsins voru ennþá vinsælastir til að taka myndir af. Myndirnar eiga það flestar sameiginlegt að reynt er að fanga dramatíska upplifun af náttúru gilsins og þá gjarnan með manneskjum innan myndarammans til að gefa til kynna hæð stuðlaveggjanna.

Hér til hliðar má sjá hvar þær myndir sem birtust á Instagram voru teknar og merktir *Stuðlagil* í júlí 2022. Myndirnar aðstoða við að greina mikilvægustu staðina til að byggja upp örugg mannvirki. Ekki voru teknar með drónamyndir því þær hjálpa ekki til við að finna útsýnisstaðina á jörðu niðri. Þá þarf einnig að hafa í huga að þegar aðrir mánuðir ársins eru skoðaðir, t.d. vetrarmánuðir fjölga þeim myndum sem teknar eru frá útsýnispallinum við Grund þar sem öryggi gesta er best tryggt.







Mynd 8.25 Vinsælastu myndatökustaðirnir í Stuðlagili 2022.

Gestir taka gjarnan sjálfur eða myndir af samferðafólki sínu í giliinu undir eyjunni þar sem stuðlaveggirnir standa háir og mynda dramatískt umhverfi. Einnig er algengt að teknar séu myndir af þeim formum sem stuðlarnir mynda án þess að hafa fólk með á myndunum. Jafnframt er algengt að taka myndir frá útsýnispallinum við Grund og á svæðinu sunnan við klettadranginn Kerlingu bæði ofan af gilbökkunum og niðri í giliinu sjálfu.

Aðrir vinsælir myndatökustaðir eru við Stuðlafoss og yfir Kringilsárgil frá göngustígnum við austurhlíð gilsins. Þá eru heiðargæsir og kindur einnig vinsælar fyrirsætur ásamt einstaka hundum.

Þó að þessir myndatökustaðir gefi vísbendingar um vinsælastu áfangastaðina endurspeglar þeir ekki alfarið umferð ferðamanna um svæðið því fjölmargir gestir fara um svæðið vítt og breitt í leit að upplifunar- og myndatökustöðum og e.t.v. eru myndir ekki teknar þó að viðkomandi staður bjóði upp á mikla náttúruupplifun.



Mynd 8.26 Vinsælasti myndatökustaðurinn í Stuðlagili.



## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR STUÐLAGIL - MANNVIRKI

### 8.5.2 Útsýnissvæði skýringarmyndir

Grunnmyndin sýnir svæðið við útsýnisstað 2 af yfirlitsmynd á bls. 60-61 Skýringarmyndirnar sýna útfærslu af mannvirkjagerð miðað við hönnunarviðmið skipulagsins.



L1 Aðalstígur kennisnið



L2 Ræsi undir aðalstíg



L3 Dvalarsvæði kennimynd



L4 Tröppur kennimynd



Snið A-A



Útsýnispallur - ásynd austur




Mynd 8.27 Grunnmynd af uppbyggingu við útsýnissvæði austan ár.



Mynd 8.28 Skýringarmynd af mannvirkjum við Stuðlagil. Einstök mannvirki verða útfærð nánar í vinnuteikningum.



Mynd 8.29 Skýringarmynd af mannvirkjum við Stuðlagil. Einstök mannvirki verða útfærð nánar í vinnuteikningum.



Mynd 8.30 Skýringarmynd af mannvirkjum við Stuðlagil. Einstök mannvirki verða útfærð nánar í vinnuteikningum.

## 8.6 SKIPULAGSSKILMÁLAR MANNVIRKI

Eftirfarandi skilmálar gilda um mannvirki á skipulagssvæðinu.

8.6.1 Uppbygging mannvirkja á skipulagssvæðinu s.s. útsýnispalla, stiga, lítilla göngubrúa og tengistíga fer eftir þeim viðmiðum um form og efnisval sem hér eru settar fram um viðkomandi mannvirki.

8.6.2 Uppbygging þjónustuhúsa og annarra bygginga á þjónustusvæðum fer eftir viðmiðum í kafla 8.4.12 og nánari útfærslum í deiliskipulagi viðkomandi svæðis.





# 9 SKIPULAGSUPPDRÁTTUR

## 9.1 YFIRLIT SKIPULAGSTILLÖGU

Á þessum upprætti er gerð grein fyrir áherslum skipulagsins varðandi stíga, vegakerfi, dvalarsvæði og minjastaðir.

**Aðkomuvegir** liggja að bílastæðum þjónustusvæða frá Þjóðvegi 1 um efri Jökuldalsveg númer 923. Skipulagið gerir ráð fyrir að afleggjari að bílastæðinu við Grund falli undir sama þjónustuflokk og Jökuldalsvegur. Fossgerðisvegur liggur frá Klausturselsbrú að bílastæðinu við Stuðlafoss. Skipulagið gerir ráð fyrir að hann verði flokkaður sem tengivegur líkt og Jökuldalsvegur.

**P** Ferðaþjónusta og bílastæðasvæði eru við Grund, Hákonarstaðarbrú, Stuðlafoss og fyrirhuguð við Hákonarstaði.

**Dvalarsvæði** eru staðsett við ferðaþjónustusvæðin og við stígakerfið í tengslum við náttúru og minjar.

**Útsýnissvæði** eru fyrirhuguð við Stuðlagil, Stuðlafoss og í Eyvindarágili.

**Minjastaðir** sem vísað er til í þessu

**Aðalstígar** liggja um skipulagssvæðið. Þeir tengja saman ferðaþjónustustaði og helstu áfangastaði. Frá þeim liggja tengi- og útivistarstígar.

**Útivistarstígar** liggja í lítt röskuðu landi og náttúrulegu umhverfi. Útivistarstígar geta bæði verið mikið uppbyggðir og legið um fjölfarin svæði eða mjóar slóðir og stíkaðar leiðir þar sem land er viðkvæmt fyrir raski.

**Tengistígar** eru uppbyggðir öryggis- og upplifunarstígar staðsettir við stórbrotin útsýnissvæði þar sem nauðsynlegt er að sýna aðgát. Uppbygging tengistíga felur í sér mannvirkjagerð, s.s. tröppur, brýr, göngu- og útsýnispalla.

● skipulagi. Fornleifaskráning hefur víða farið fram á svæðinu en er ekki lokið.



**Aðkomuskilti**

Tvö skilti eða fleiri verða staðsett við Jökuldalsveg, sunnan við Grund og norðan við Hákonarstaði.



**Upplýsingaskilti**

Við bílastæði ferðaþjónustuaðila verða staðbundnar upplýsingar og almennar upplýsingar fyrir allt svæðið.



**Fræðsluskilti**

Fræðsluskilti 1m há með skáhallandi lesfleti, staðsett við náttúruvætti og minjastaði.



**Vegpóstar og vegvísar**


Vegvítar eru settir meðfram stígum. Stærð þeirra er misjöfn eftir aðstæðum og tegund stíga.



**Öryggisskilti og verndarskilti**

Lág skilti á fótum eða fest á t.d. kletta sem vara gesti við hættum og viðkvæmri náttúru.

Staðsetning og fjöldi skilta verður nánar ákveðin í samráði við landeigendur.



Mynd 9.1 Skipulagsuppdráttur rammahluta aðalskipulags.

Mkv. 1:30.000



## SKIPULAGSUPPDRA'TTUR STUÐLAGIL - MANNVIRKI

### 9.2 Tegund mannvirkja í Stuðlagili

Á þessari yfirlitsmynd er sýnd tillaga af skipulagi ferðamannastaðarins í Stuðlagili. Markmið með tillögunni er m.a. að takmarka notkun mannvirkja eins og kostur er en setja upp nauðsynleg mannvirki til að gæta að öryggi gesta og vernd umhverfisins. Við austurhlið Stuðlagils er mest sótti myndatökustaðurinn og fjölmargir aðrir staðir sem ferðamenn staldra við á. Hins vegar er erfitt að koma fyrir mannvirkjum á þessum svæðum án þess að skerða náttúrulega upplifun þeirra. Við vesturhlið gilsins eru brattir hjallar sem liggja frá túnum Grundar og niður að gilbrúninni. Hér er meiri þörf á mannvirkjum til að aðstoða ferðamenn niður að gilinu en með tímanum hverfur ásýnd þeirra að mestu inn í skóginn sem nú vex upp í brekkunum.

**Stígar** fylgja landslagi og styðstu leiðum milli áfangastaða. Það er m.a. gert til að fyrirbyggja myndun aukaslóða.

**Tröppur** eru settar upp þar sem hæðarmunur er of mikill til að leggja stíga.

**Útsýnispallar** eru misstórir en með sömu lögun. Þeir eru settir upp á vinsælustu útsýnisstöðunum og aðlagaðir að landslagi.

**Göngubrýr og ræsi.** Þar sem litlir lækir renna við stíga er fyrst reynt að leiða þá eftir haganlega uppsettri pípu undir stíg. Þar sem lækir og hæðarmunur er meiri eru settar upp litlar göngubrýr til að halda náttúrulegu útliti lækjarins. Stærri ræsi en 20cm eru ekki notuð.

**Dvalarsvæði** eru staðsett fyrir ofan stíga þar sem ekki er fall- eða hrunhætta.

**Fræðsluskilti** eru staðsett við upphaf gönguleiða og á dvalarsvæðum. Öryggis- og hindrunarskilti eru staðsett í og við gilið. Vegvísar beina ferðamönnum um stígakerfið.




**Aðalstígar**

Mannvirkjagerða er haldið í lágmarki. Þessi svæði eru tiltölulega hættulítill og gönguleiðir liggja gjarnan um tiltölulega slétt landslag á leið til og frá Stuðlagili.



Lítill ræsi



Dvalarsvæði



**Tengistígar**

Mannvirkjagerð tryggir öryggi ferðamanna á svæðum þar sem mikil hrun og fallhætta er.




Litlar göngubrýr



Útsýnispallar



Stígar



**Varúðarsvæði**

Ferðamenn verða að gæta að eigin öryggi. Allt svæðið ofan í gilinu fellur undir þennan hættuflokk.




**Hættusvæði**


Aðgangur hindraður. Svæðið ofan á Kerlingu og Eyjuni ásamt allt svæðið við gilbrúnina.



Fræðsluskilti




Skilti - náttúruvernd



Skilti - varúð



Skilti - Mikil hætta



Mynd 9.2 Yfirlitsmynd yfir mannvirki í Stuðlagili.




## SKIPULAGSUPPDRÁTTUR STUÐLAGIL - MANNVIRKI

### 9.3 Upplifunarsvæðið í Stuðlagili

Yfirlitsmyndin sýnir hönnunartillögu fyrir upplifunarsvæði Stuðlagils. Mannvirkjum er haldið í lágmarki en vinsælustu leiðirnar samt sem áður gerðar aðgengilegar og öruggar fyrir gesti. Með þeim hætti er stuðlað að verndun þeirra umhverfsgæða sem gerðu Stuðlagil vinsælt í upphafi.

- 1** Innkoma á svæðið. Hér sjá ferðamenn Stuðlagil birtast. Útsýnispallur, dvalarsvæði og fræðsluskilti um svæðið.
- 2** Mjög vinsæll útsýnisstaður. Gert ráð fyrir útsýnispalli og tröppum niður í árgilið. Niðri við enda stiga er lítill pallur þar sem einföld slá er, viðvörunarskilti um að gæta að eigin öryggi og staður til að setjast niður og njóta útsýnisins.
- 3** Á leiðinni frá svæði 2 til 4 er útsýnissvæði meðfram öllum bakkanum. Þar verður tengistígur með handriðum.
- 4** Vinsæll upplifunarstaður. Niður að honum liggja tröppur sem enda í litlum palli. Viðvörunarskilti um að gæta að eigin öryggi. Náttúrustiklur settar í moldarsvæði milli Eyju og bakkans.
- 5** Vinsælasti upplifunar- og myndatökustaðurinn í Stuðlagili. Engar framkvæmdir eða mannvirki.
- 6** Eldri útsýnispallur endurbættur. Útlínur verða með sama stíl og önnur mannvirki í gílinu. Hvíldarpallar, stærra útsýnissvæði, minni ásynd á handrið.
- 7** Lítill útsýnispallur, vinsæll útsýnisstaður til að sjá Kerlingu og árgilið. Falið að hluta til í gróðri.
- 8** Lítill útsýnisspallur. Tröppur að pallinum til að taka mesta hæðarmuninn. Falið að hluta til í gróðri.
- 9** Lítill útsýnispallur og látlaus handrið í klettanibbu. Tröppur niður í árgilið og lítill tröppupallur. Viðvörunarskilti um að gæta að eigin öryggi og staður til að setjast niður og njóta útsýnisins.
- 10** Lítill útsýnisspallur efst á hjöllumum við bílastæði Grundar.



Mynd 9.3 Grunnmynd fyrir upplifunarsvæðið í Stuðlagili.



# 10 ÁHRIFAMAT

## 10.1 POLMARKAGREINING

Samhliða skipulagsvinnunni var unnin þolmarkagreining hjá verkfræðistofunni Eflu. Þolmarkagreiningin byggir á gögnum um núverandi gestafjölda, framtíðarspár um gestafjölda og fyrirhugaðri uppbyggingu innviða. Aðferðafræði greiningarinnar byggir á hugmyndafræði um eftirsóknarverðar aðstæður. Til að leggja mat á þolmörk svæðisins og ásættanlegan fjölda ferðamanna var lagt mat á flæði á stígum og mat á fjölmenni og upplifun á útsýnisstöðum við Stuðlagil. Þeir áhrifaþættir sem teknir voru með inn í greininguna voru náttúrufarsþættir svo sem fornminjar, vistgerðir og birtuskilyrði og utanaðkomandi þættir líkt og stefna landeigenda, vegaaðgengi og ásókn að staðnum. Niðurstöður greiningarinnar eru settar fram í skýrslu frá Eflu.

## 10.2 ÁHRIFAMAT

Skipulagið gerir ekki ráð fyrir matsskyldum framkvæmdum sem falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Lagt er mat á áhrif stefnunnar á valda umhverfisþætti í samræmi við 4.4. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 og 14. gr. laga nr. 111/2021. Lagt er mat á vægi umhverfisáhrifa svo sem hvort þau séu talin jákvæð, neikvæð eða óveruleg. Jafnframt eru lagðar fram viðeigandi mótvægisaðgerðir.

### 10.2.1 Ferðapjónusta

Viðfangsefni

Skipulagið er stefnumótun fyrir innviða-uppbyggingu sem beinir umferð ferðamanna um ferðapjónustu- og áfangastaðinn við Stuðlagil. Markmið skipulagsins er að ferðapjónusta byggist upp í sátt við náttúru og samfélag og styrkir upplifun ferðamanna og ímynd af svæðinu. Skilgreind eru áherslusvæði sem hver hafa sín sérkenni í uppbyggingu ferðapjónustu.

Áhrifamat

Skilmálar skipulagsins auka möguleika á uppbyggingu ferðapjónustu og atvinnulífs á svæðinu og er skipulagið talið hafa jákvæð áhrif á byggð og samfélag á Jökuldal.

### 10.2.2 Náttúra og vernd

Viðfangsefni

Náttúruvernd er leiðarljós við uppbyggingu innviða á svæðinu. Stígar og upplýsingaskilti stýra umferð fólks og koma í veg fyrir rask á gróðri og jarðvegi. Unnið verður að uppgræðslu þar sem skemmdir hafa orðið á yfirborði vegna komu ferðamanna. Landsvæði við Stuðlafoss og Stuðlagil er tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna jarðminja. Skipulagssvæðið er við mikilvægt fugla- og votlendissvæði á Jökuldalsheiði.

Áhrifamat


Uppbygging stígakerfis í samræmi við skipulagið er talið hafa jákvæð áhrif á náttúruvernd þar sem umferð ferðamanna er betur stýrð um svæðið og takmörkuð þar sem gróður, fugla- og dýralíf er viðkvæmt fyrir ágangi. Aukinn ferðamannastraumur er mikil ógn og skiptir innviðauppbygging og stýring ferðamanna gríðarlegu máli við verndun svæðanna.

Á svæðinu umhverfis Stuðlagil og Stuðlafoss er mikilvægt að hugað sé að ásýndaráhrifum við mannvirkjagerð. Mikilvægt er að útfærslur á byggingum, útsýnispöllum og ferðapjónustuinviðum séu í samræmi við stefnur og hönnunarviðmið skipulagsins. Uppbygging verður að vera í samræmi við þol svæðisins þannig að fjöldi ferðamanna eða ásýndaráhrif frá mannvirkjum rýri ekki verndargildi.

### 10.2.3 Saga og minjar

Viðfangsefni

Uppbygging tryggir verndun minja með því að stýra aðgengi að minjasvæðum og upplýsa gesti um sögu svæðisins. Stígar liggja að minja- og sögusvæðum þar sem dvalarsvæði eru staðsett með upplýsinga- og fræðsluskiltum.



Mynd 10.1 Vinsælt útsýnissvæði við Stuðlagil.

Myndirnar á síðunni sýna nokkur dæmi um þær gróðurskemmdir sem eiga sér stað á ferðamannastaðnum. Á myndinni hér til hliðar sést hvernig vatn kemur niður úr hliðunum ofan við útsýnisstaðina og verður áberandi á yfirborðinu þegar jarðvegur er þjappaður og gróðurþekja horfinn.

Áhrifamat

Skipulagið er talið hafa óveruleg áhrif á minjar. Tekið er mið af þekktum fornminjum í skipulaginu og vísað til 24. gr. laga um menningarmínjar nr. 80/2012 um áður ókunnar minjar. Uppbygging mun tryggja verndun minja með stýringu á aðgengi að minjasvæðum og upplýsa gesti um sögu svæðisins. Mikilvægt er að tryggja að minjar verði ekki fyrir raski og gætt að helgunarsvæði við uppbyggingu. Ekki hefur farið fram heildar minjaskráning á svæðinu öllu. Því er lögð áhersla á mikilvægi minjaskráninga við deiliskipulagsgerð og í tengslum við framkvæmdir á skipulagssvæðinu.

### 10.2.4 Öryggismál

Viðfangsefni

Gætt verður að öryggi og upplifun gesta við alla uppbyggingu á svæðinu. Skilgreind eru hættusvæði og umferð gesta stýrð með stígum, útsýnispöllum og öðrum mannvirkjum. Um leið er stuðlað að vernd á viðkvæmum gróðri.

Áhrifamat

Mikil fall- og hrunhætta er víða á skipulagssvæðinu og er uppbygging mannvirkja, stígagerð og skiltagerð talin hafa jákvæð áhrif á öryggi vegfarenda á svæðinu.



Mynd 10.2 Tröppur mótaðar í grasbrekkur.



Mynd 10.3 Vatnssöfnun á tröðkuðum útsýnisstöðum.



Mynd 10.4 Troðnar slóðir.



### 10.2.5 Samgöngur

Viðfangsefni

Skipulag samgangna er ætlað að tryggja öryggi gesta og ánægjulega dvöl. Sett er fram stefna um uppbyggingu vega, bílastæða, stígakerfis og dvalarsvæða fyrir ferðapjónustu.

Áhrifamat

Uppbygging stígakerfis er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi, náttúruvernd og samfélag þar sem ferðamönnum er stýrt á öruggan hátt um upplifunarsvæði Stuðlagils.

### 10.2.6 Skilti og merkingar

Viðfangsefni

Skilti og merkingar leiði vegfarendur um ferðamannastaðinn og veitir fróðleik um sögu og náttúru viðkomandi svæðis. Sett eru upp varðúðarskilti til að fyrirbyggja slys á fólki. Merkingar fylgja skiltakerfi sem tryggir samræmt útlit og efnisval á öllu svæðinu.

Áhrifamat

Skilmálar skipulagsins um merkingar er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi og náttúruvernd þar sem upplýsingaskilti koma í veg fyrir alvarleg slys og rask á viðkvæmri náttúru.

### 10.2.7 Mannvirki

Viðfangsefni

Í skipulaginu eru sett fram hönnunarviðmið fyrir uppbyggingu mannvirkja á útsýnisstöðum til að samræma efnisval og útlit. Markmið skipulagsins er að mannvirki falli vel að ásýnd og yfirbragði svæðisins og séu aðlöguð að landslagi.

Áhrifamat

Staðsetning mannvirkja eru valin þannig þau skapi örugga umgjörð fyrir ferðamenn til að skoða Stuðlagil. Uppbygging mannvirkja í samræmi við skipulagið er talin hafa jákvæð áhrif á öryggi, náttúruvernd og ferðapjónustu.



Mynd 10.5 Yfirlitsmynd af Stuðlagili sumarið 2022.



Á myndunum sést hvernig uppbygging stígakerfis og mannvirkja skv. skipulaginu er aðlöguð að landslagi og röskuð gróðurþekja endurheimt.

Mynd 10.6 Hönnunartillaga fyrir upplifunarsvæðið í Stuðlagili.




Mynd 10.7 Stuðlagil 2022



Mynd 10.8 Stuðlagil sumarið 2022.



Mynd 10.7 Stuðlagil 2015.



Á myndunum sést hvernig ágangur ferðamanna hefur traðkað gróðurþekju á svæðinu við Stuðlagil. Mikil fall- og hrunhætta er á svæðinu þar sem stuðlar hafa brotnað og grassvörður skriður fram.

Mynd 10.8 Stuðlagil sumarið 2022.



# 11 SKIPULAGSFERILL

Ferill rammahluta aðalskipulags er í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 um gerð aðalskipulags, kynningu og samráð.

## 11.1 SKIPULAGSLÝSING

Kynning á skipulagslýsingu var birt fimmtudaginn 16. desember 2021 á Facebook síðu Múlaþings. Lýsingin var jafnframt auglýst í Dagskránni á Austurlandi og aðgengileg á skrifstofu sveitarfélagsins og á heimasíðu þess [www.mulathing.is](http://www.mulathing.is). Almennangi var gefinn kostur á að senda inn ábendingar og/eða athugasemdir um efni lýsingarinnar og fyrirhugað rammaskipulag til og með 6. janúar 2022. Leitað var umsagna til samráðsaðila og lögbundinna umsagnaraðila. Umsagnir bárust frá:

- HEF veitur
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Minjastofnun
- Náttúrufræðistofnun
- Samgöngustofa
- Skipulagsstofnun
- Veðurstofa Íslands
- Vegagerðinni

Tekið var tillit til umsagna við gerð vinnslutillögu.

## 11.2 VINNSLUTILLAGA

Tillaga að rammahluta aðalskipulags var unnin í samráði með sveitarfélaginu, Austurbrú og landeigendum. Haldnir voru fundir með landeigendum þar sem þeim var gefinn kostur á að koma uppbyggingaráformum sínum og hugmyndum um skipulag svæðisins á framfæri. Fyrstu drög að skipulagi voru kynnt fyrir landeigendum á fundi með skipulagsráðgjöfum 14. febrúar 2022. Á fundinum var rýnt í sviðsmyndir um mögulegar tengingar í umhverfi Stuðlagils og gönguleiðir um Eyvindarárgil. Vinnslutillaga var kynnt á fundi með landeigendum 21. mars.

Tillaga á vinnslustigi var tekin til umræðu á fundi umhverfis- og framkvæmdaráðs í apríl 2022 og í framhaldi auglýst með kynningu á Facebook síðu Múlaþings. Í samræmi við 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Sveitarfélagið óskaði eftir umsögnum frá umsagnaraðilum um skipulagsdrögin.

RAMMAHLUTI  
AÐALSKIPULAGS

SKIPULAGSLÝSING

KYNNING Á DRÖGUM

TILLAGA AUGLÝST

GILDISTAKA

STEFNUMÓTUN OG SAMRÁÐ

SAMPYKKTARFERLI

Umsagnir um tillögu á vinnslustigi bárust frá eftirfarandi:

- Landeigendur á skipulagssvæðinu
- Brunavarnir Austurlands
- HEF veitur
- Heilbrigðiseftirlit Austurlands
- Heimastjórn Fljótsdalshéraðs
- Náttúrufræðistofnun
- Skipulagsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Vegagerðinni

Tekið var tillit til umsagna og ábendinga við gerð tillögu. Tillaga á vinnslustigi fór jafnframt í yfirferð til landeigenda í júlí og á haustmánuðum 2022.

## 11.3 AUGLÝSING TILLÖGU

Auglýsing tillögu er í samræmi við 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

## 11.4 GILDISTAKA

Afgreiðsla og gildistaka rammaskipulags fyrir ferðaþjónustu- og áfangastaðinn Stuðlagil er í samræmi við 32. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

# HEIMILDASKRÁ

Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028 (2009) m.s.br. Fljótsdalshérað, Alta.

Ármann Halldórsson, Sigmar Magnússon, Þorsteinn Bergsson (1974), *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Búnaðarsamband Austurlands 1974

Baldur Þór Þorvaldsson. (2008). *Hákonarstaðabrú*. Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 24. tbl.

Deiliskipulag. (2019). *Grund - Stuðlagil, Jökuldal Fljótsdalshéraði*. Logg slf. Gildistaka 2020.

Deiliskipulag, drög. (2022). *Ferðaþjónusta að Grund, Jökuldal*. Teiknistofa Norðurlands.

Deiliskipulag, drög (2022). *Ferðaþjónusta að Hákonarstöðum, Jökuldal*. Teiknistofa Norðurlands.

Deiliskipulag, drög. (2022). *Stuðlagil, deiliskipulag í landi Klaustursels Múlaþingi*. Teiknistofan AKS.

Ferðafélag Fljótsdalshéraðs, Perlur - Stuðlagil. Sótt 4. júní 2022 af <https://www.ferdaf.is/index.php/perlur>.

Fornleifafræðistofan, Fornleifakönnun á fyrirhuguðum námusvæðum í tengslum við Kröflulínu 3 frá Kröflu að Fljótsdalsstöð. Reykjavík 2013

Fornleifastofnun Íslands, „Í torfkofa uppi undir Jökli“. Gagnamannakofar, leiðir og aðrar minjar á áhrifasvæði Kárahnjúkavirkjunar. Reykjavík 2005

Góðir staðir. *Leiðbeiningarrit um uppbyggingu ferðamannastaða*. Útgefandi: Ferðamálastofa, Framkvæmdasýsla ríkisins og Hönnunarmiðstöð Íslands. Sótt af [https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/utgafur/godir\\_stadir.pdf](https://www.ferdamalastofa.is/static/files/ferdamalastofa/umhverfismal/utgafur/godir_stadir.pdf)

Guðný Zoëga og Bryndís Zoëga (2015). *Fornleifaskráning á Héraði 2015*. Byggðasafn Skagfirðinga.

Helgi Hallgrímsson (2008). Náttúrumæskrá. <https://geo.alta.is/nms/>

Hjörleifur Guttormsson. (2018). *Jökuldalur og Jökuldalsheiði*. Árbók Ferðafélags Íslands.

Indriði Skaphéðinsson. (2019). *Fornleifaskráning í landi Grundar á Efri-Jökuldal vegna nýs deiliskipulags*.

Jón Magnússon. (1945). *Forustusauðirnir í Fosserði*. Dýraverndarinn.

Karítas Ísberg, Ragnar Már Jónsson, Sóley Kristinsdóttir. (2019). *Stuðlagil, Áfangastaður í mótn*. Rannsóknamiðstöð Ferðamála, Akureyri.

Landsskipulagsstefna 2015-2026. (2016). Skipulagsstofnun.

Menningarstefna í mannvirkjagerð. (2007). *stefna íslenskra stjórnvalda í*

*byggingarlist*. Menntamálaráðuneytið.

Múlaþing, byggðarsögurit Austurlands, 2016. bls. 126

Múlasýslur, Sýslu- og sóknarlýsingar, Sögufélag, Örnefnastofnun Íslands.

Náttúrufræðistofnun Íslands. Jökuldalsheiði. Sótt af <https://www.ni.is/node/21617>

Náttúrufræðistofnun Íslands. *Stuðlafoss og Stuðlagil*. Sótt af <https://www.ni.is/node/28564>

Náttúrufræðistofnun Íslands. *Vistgerðakort og mikilvæg fuglasvæði*. Sótt af <https://www.ni.is/midlun/utgafa/kort/vistgerdakort>

Náttúruminjaskrá. Umhverfisstofnun. <https://ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/natturuminjaskra/>

Rannveig Þórhallsdóttir (2020). *Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara á Héraði, 1. áfangi Efri-Jökuldalur*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Klausturseli, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna breytinga á deiliskipulagi að Grund, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2021). *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Hákonarstöðum, Jökuldal, Múlaþingi*. Sagnabrunnur.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2022). *Fornleifaskráning vegna breytinga á vegi á milli Hákonarstaða og Arnórsstaða í Jökuldal*. Múlaþingi.

Sigurður Kristinnsson. (1998). *Nítjándu aldar byggð í Rana*. Múlaþing, byggðarsögurit Austurlands.

Skarphéðin Smári Þórhallsson, *Göngustígur við Stuðlagil*, Klausturseli Jökuldal útg. 2020

Svæðisskipulag Austurlands 2022-2044. (2022).

Vegagerðin, Jökuldalsvegur 923-08, Gilsá-Arnórstaðir, Kynningarskýrsla 15.ágúst 2021

Vegrún. Merkinga- og leiðarkerfi. <https://godarleidir.is/vegrun/inngangur>

Stefán Geir Árnason. (2021). *Öryggisúttekt við Stuðlagil*. Efla og Jökuldalur sf.

Myndir:

Ljósmyndir, skýringarmyndir og uppdrættir: Teiknistofa Norðurlands, Jökuldalur sf.





FERÐAÞJÓNUSTU-OG  
ÁFANGASTAÐURINN

# STUÐLAGIL

*Rammahluti Aðalskipulags  
Fljótsdalshéraðs 2008-2028*

